fatal/o örlög; forlög. **-a** **1** örlagaþrunginn. **2** óhappasæll. **3** banvænn. **-e** óhjákvæmilega.
-aĵo **1** ógæfa, óheppni. **2** slysní. **-eco** banvæn áhrif, banvæni. **-ismo** hei forlagatrú, örlagatrú.
-isto forlagatrúarmaður. **-oplena** örlagaþrunginn; afdrifamikill.
Fatal/o goð örlagagyðja.
fatamorgan/o ská hillingar, tíbrá (= **miraĝo**).
fatras/o nýy drasl, rusl.
faŭk/o tæk **1** kjaftur, gin. **2** mynni. **-i** áhl gapa, gína. **kloak-o** lokræsi.
faŭlli áhl (í íþróttum) fremja brot, brjóta af sér. **-o** brot (á reglum).
faŭlt/o ldf misgengi.
faŭn/o dýralíf, dýraríki.
faŭn/o goð **1** skógarpúki, skógarguð, fánn. **2** ruddalegur munaðarseggur.
Faŭst/o per Faust.

- faŭvism/o** *fag* fávismi, óargastefna.
- fav/o** *læk* 1 geitur (sjúkdómur). 2 = **tinio**. 3 = **besta skabio**. -a 1 geita-. 2 andstygilegur.
- aĵo** geitahrúður, skurfa. **-ulo** 1 geitasjúklingur. 2 ódrengelegur náungi.
- favor/a** 1 hliðhollur, góðviljaður. 2 heppilegur. 3 hagstæður. -e vingjarnlega; á jákvæðan hátt; heppilega.
- i áhr** unna, vera hliðhollur. **-o** 1 góðvild, hylli. 2 greiði; blessun, hagnaður. **-aĵo** eftirgjöf, forréttindi.
- anto** verndari, velgjörðarmaður. **-ato** uppáhald, vildarmaður. **-emo** hlutdrægni. **-igi** vinna hylli (e-s).
- mal-a** 1 óhagstæður. 2 óvinveittur, mótfallinn. **mal-o** ónáð. **kor-i áhr** aumkast yfir. **kor-o** náð.
- faz/o** 1 *stj* kvartil. 2 *alm* stig, þróunarstig. 3 umskipti. 4 *eðl rtæ* fasi. 5 skeið. **de-iĝo** fasamunur.
- el-igita** *rtæ* ósamfasa. **el-igo** fasaskipti. **mal-a** andfasa. **sam-a** samfasa.
- fazan/o** *dýr* fasani. **vir-o** fashani. **-ino** kvenfasani. **-edoj** fashanaætt, fasanaætt (*Phasianidæ*).
- fazeol/o** *gra* frönsk baun (*Phaseolus*). **-eto** sniðbaun.
- fazor/o** *eðl* fasavigur, fasavektor.
- feo** *goð* álfur. -a eins og álfamær; álf-, álfa-. **-ino** álfkona. **-a iluminacio** skrautljós.
- lando de -inoj** álfaheimur.
- Feak/o** *goð* Feaki.
- Feb/o** *goð* Febus (Apollon). -a Feba (Artemis).
- febl/a** *nýy* veikur; veiklaður. **-iĝo** veiklun.
- febr/o** *læk* 1 hitasótt; hiti. 2 ofsi. **afta -o** gin- og klaufaveiki. **akuta -o** bráðasótt. **butona -o** dílasótt.
- flava -o** gul hitasótt. **fojn-o** heysótt (ofnæmi fyrir frjódufti, heyi o.p.h.). **malta -o** = **melitokokozo**.
- marĉa -o** = **malarío**. **puerpera -o** barnsfararsótt. **terciana -o** malaría með hitakasti með tveggja daga millibili.
- kvartana -o** malaría með hitakasti með þriggja daga millibili. **tifoida -o** taugaveiki. **trem-o** kalda.
- vund-o** meiðslasótt. -a, **-eca** 1 með hita. 2 ákafur. -i *áhl* vera með hita. **-ulo** sjúklingur með hita.
- odona** hitavaldandi. **kontraŭ-a**, **sen-iga** hitaeyðandi. **sen-igilo** hitasóttarlyf.
- februar/o** febrúar, febrúarmánuður.
- feĉ/o** 1 dreggjar. 2 úrhak. -a 1 gruggugur, sorafullur. 2 úrhaks-. -i *áhl* setjast á botninn.
- feder/i áhr** *fél* sameina undir sambandsstjórn. -a sameinaður undir sambandsstjórn, sambands-, sambandslegur. -o = **federacio**. -iĝi sameinast undir sambandsstjórn. -ismo = **federaciismo**.
- isto** = **federaciisto**. **kun-aĵo** = **konfederacio**.
- federaci/o** *fél* bandalag. -a sambands-, sameinaður. -ismo sambandsstjórnarstefna.
- isto** sambandsstjórnarmaður.
- federal/a** *lög* 1 = **federa**. 2 (í Bandaríkjunum) alríkis-.
- Fedr/o** *per* Fedrus. -a Fedra.
- fek/i áhl** hægja sér, kúka. -o kúkur. -a hægða-. **-ado** vallgangur. **-aĵo** hægðir, skítur, saur.
- fekul/o** = **amelfaruno**.
- fekund/a** *alm gra* *dýr* 1 frjór. 2 frjósamur. **-eco** frjósemi. **-igi** *gra* *dýr* frjónvga; gera frjósaman.
- mal-a** ófrjór. **ne-a** = **malfekunda**.
- fel/o** feldur, skinn, gæra. -a skinn-, loð-. **-isto** skinnari, sútari. **sen-igi1** flá skinnið af.
- 2 knýja til mikillar vinnu fyrir lágt kaup. **sen-igejo** sútunarstöð. **ŝaf-o** reyfi. **ora ŝaf-o** *goð sag* gullreyfið.
- felah/o** egypskur bóndi.
- feldmarŝal/o** *her* yfirhershöfðingi.
- feldspat/o** *ste* feldspat.
- feliĉ/a** 1 sæll, hamingjusamur. 2 heppinn. 3 ánægður; ánægjulegur. -e sem betur fer; heppilega.
- o** 1 hamingja, gleði. 2 gæfa, sæla. 3 heppni. **-ega** fullsæll, alsæll. **-igi** gleðja. **-ulo** 1 lukkunnar pamfíll. 2 einn hinna sælu. **mal-a** 1 óheppinn. 2 vansæll, óhamingjusamur. **mal-e** 1 því miður. 2 aumlega; í ógæfu.
- mal-o** 1 óhamingja, ógæfa, óhapp. 2 vesaldómur. **mal-ego** hörmuleg óhamingja.
- mal-igi** hryggja, gera óhamingjusaman. **mal-ulo** vesalingur, aumingi.
- felieton/o** neðanmálssaga; kjallaragrein.
- Feliks/o** *per* Felix.
- felis/o** *dýr* kattaætt (*Felis*). **-edoj** smákattaætt (*Felidæ*).
- felp/o** baðmullarflauel.
- felt/o** flóki. -a 1 flóka-. 2 flókakenndur. -i *áhr* gera að flóka. **-iĝi** flókna.
- izi**, **-ogarni áhr** þekja með flóka; fódra með flóka.
- feluk/o** *sig* felúkka, lítið strandskip (í Miðjarðarhafi).

- femal/o** *gra* dýr kvenmaður, kvendýr.
feminism/o kvenréttindastefna.
feminist/o *per* kvenréttindasinni.
femto/ *vís* femtó- (forskeyti eininga 10^{-15}).
femur/o *lfæ* læri, lærleggur. **-a** lær(a)-, lærleggs-. **-aĵo** *mat* læri (t.d. fugls, til matar).
-ingo *sag* læk lærleggshlíf. **-osto** = **femuralo**.
femural/o *lfæ* lærbein, lærleggur. **-a** lærleggs-.
fen/o **1** veð hnúkaþeyr, fönvindur. **2** *rtæ* tæki með heitum blæstri. **3** *efn* fen-.
fenacetin/o *efn* fenasetín.
fenantren/o *efn* fenantren.
fend/i *áhr* kljúfa, skera sundur. **-o** skor, sprunga, klauf. **-ado** klofning; það að kljúfa. **-ego** jarðsprunga, gjá.
-eto rifa, skora. **-eti** *áhr* brjóta, sprengja. **-iĝi** rifna, brotna; klofna. **-ilo** klaufjárn; (kjöt)öxi.
-ohava klofinn, klofnaður. **dis-i** *áhr* kljúfa sundur. **-ita** *hufo* alklofin klauf. **dis-iĝi** klofna; opnast.
dis-iĝo sprunga. **el-i** *áhr* láta spretta upp. **en-i** *áhr* skora, gera skoru. **en-o** skora. **aer-o** *eðl rtæ* loftbil.
cel-o *tæk* sigtisrauf. **har-ado** hártogun. **kerno-ado** *eðl* kjarnaklofnun. **rok-o** hamarskora.
fendr/o aringrind.
fenek/o eyðimerkurrefur (*Fennecus*).
fenen/o *efn* fenýlen.
fenestr/o *byg sig* gluggi. **baskula -o** hverfigluggi. **elstara -o** útskotsgluggi. **-a** glugga-. **-a breto**,
-a sojlo gluggakista, sólbekkur. **franca -o** glerhurð (sem liggur út í garð). **-a fosto** gluggastafur.
-a kruco þverslá glugga. **-a vitro** gluggarúða. **-eto 1** lítill gluggi. **2 = giĉeto**. **-umo** gluggahleri.
-obreto gluggakista, gluggasylla. **-ofermilo = espanjoletto**. **-ofiksilo** gluggajárn.
-oframo gluggakarmur. **-oklapo** gluggagrind. **-okruco** rammi utan um gluggarúðu, gluggakross.
-oniĉo = embrazuro 1. **-okovrilo = -umo**. **-opordo** glerhurð. **tra-igi** kasta í gegnum glugga.
baskul-o hverfigluggi. **bed-o** gler vermireits. **glit-o**, **lev-o** rennigluggi. **klap-o** þakgluggi.
montra -o sýningargluggi. **korbel-o** útskotsgluggi. **sen-a** gluggalaus. **ŝip-o** ljóri.
fenetol/o *efn* fenetól ($C_6H_5OC_2H_5$).
fenic/o *per* Föníkíubúi, Föníkí. **F-io**, **F-ujo** *ldf* Föníkía.
fenikopter/o *dýr* flæmingi, flamingói (*Phoenicopterus*).
feniks/o *goð 1* fönix. **2** fágætur maður.
fenikur/o *dýr* rauðstélur (*Phœnicurus*).
fenil/o *efn* fenýl (C_6H_5). **-acido** fenýlsýra.
fenilen/o = feneno.
fenkol/o *gra* fennika (*Fœniculum* einkum *vulgare*), sígóð.
fenol/o *efn* fenól, karbólsýra. **-ato** fenólat.
fenomen/o *hei alm eðl 1* fyrirbæri, fyrirbrigði. **2** fyrirburður. **-o de Hall** *eðl* Hall-hrif.
-o de Joule *eðl* Joules varmaverkun. **-o de Kelvin** *eðl* Kelvínsfyrirbrigði. **-o de Volta** *eðl* Volta fyrirbrigði.
-o de Zeeman *eðl* Zeemanshrif. **lumelektra -o** *eðl* ljósrafragnsfræði. **sparka -o** *eðl* neistafyrirbæri.
-a *hei* einstakur, stórkostlegur, frábær. **-ismo** *hei* fyrirbærisstefna. **-ologio** *hei* fyrirbærafræði, sýndarfræði.
foto-o *eðl* ljósfyrirbæri. **pendol-o** *útv* pendúlþyrirbæri. **-ulo** undramaður.
fenotip/o *líf* svipfar, svipgerð.
fenugrek/o *gra* hafurshorn (*Trigonella foenumgræcum*).
fer/o *efn alm* járn (*Fe*) (*frumefni nr. 26*). **-a** *efn 1* járn-. **2** úr járn. **3** harður; stálharður. **4** járnkenndur.
-i *áhr* klæða (e-ð) járn; járna. **-aĵo 1** járnverk. **2** járnarusl. **-aĵisto** járn sali, járnvörusali. **-ato** ferrat.
-ika *efn* járn-. **-ika klorido** járnklóríð. **-oza** *efn* járn-. **-oza oksido** járnildi. **-umi** *áhr* járna (t.d. hest).
-obendo járnband. **-ocianido** *efn* járn sýanið. **-odona**, **-ohava** sem inniheldur járn, sem í er járn.
-olaborejo járnverksmiðja. **-opirito** brennisteinskís, glópagull. **-ŝtono** járnsteinn. **-ovojo** járnbraut (s. **voj**).
en-igi setja í járn. **inter-aĵo** *eðl* bil milli skauta. **ne-a** sem ekki inniheldur járn. **angul-o** vinkiljárn.
fand-o, **gis-o = giso**. **huf-o** skeifa. **huf-i** *áhr* járna (hest). **I- -o** I-bjálki. **laĉ-(aĵ)o** fjötur.
krud-o hálfhreinsað járn, hrájárn, járn í hleifum. **mol-o** pottur, mjúkt járn. **spegul-o** spegiljárn.
Ferar/o *ldf* Ferrara (borg á Ítalíu).
ferdek/o *sig* þilfar, þiljur. **-a** þilfars-. **-i** *áhr* setja þiljur í, byggja yfir. **inter-o** miðþiljur, millipilfar.

sen-a þilfarslaus, án þilfars. **sur-iĝo** lending á þilfar. **sub-o** neðra þilfar, þriðja farrými. **antaŭ-o** hvalbakur; frambilfar. **boat-o** bátabilfar. **ĉefa -o** aðalþilfar. **flug-o** flugvélabilfar. **kanon-o** fallbyssubilfar. **oficira -o**, **post-o** afturþilfar. **pont-o** byg brúargólf. **promen-o** farþegaþilfar. **tri-ulo** skip með þremur þilförum.

Ferdinand/o per Ferdínand.

feri/o frí, orlof. **-oj** leyfi, frí. **banka -o** bankafrí. **-a** frí-. **-i** áhl vera í leyfi. **-anto** maður í fríi.

ferician/o efn járnslátt.

ferit/o efn ferrít.

ferli/i áhr sig hefja (segl). **-o** heflun. **-ilo** hefilskaft; heflunarband. **mal-i** áhr leysa (segl).

ferm/i áhr 1 loka. 2 ljúka. **-o** lokun. **-a** loka-. **-eti** áhr loka (augunum) fyrir e-u. **-iĝi** 1 ljúka (óp.).

2 verða lokaður; lokast. **-ilo** 1 lok, lás. 2 tappi. 3 loka, klinka. **-ita silabo** hlj lokað atkvæði.

ĉirkaŭ-i áhr girða um, umlykja. **dismal-i** áhr gapa. **duon-i** áhr = fermeti.

en-i áhr byrgja inni; hafa í varðhaldi; hafa inni. **en-iĝi** vera byrgður inni. **en-iĝema** fámáll, fálátur, dulur.

inter-aĵo þéttiefni. **mal-i** áhr 1 opna; ljúka upp. 2 setja (fund). **mal-o** inngangur; opnun, það að opna; byrjun.

mal-a inngangs-; setningar-, opnunar-. **mal-aĵo** op, gat. **mal-egi** áhr opna mikið. **mal-iĝi** opnast.

mal-ita silabo hlj opið atkvæði. **mem-a** sjálflokandi. **ne-ita** ólokaður, opinn, opinber. **re-i** áhr loka aftur.

remal-i áhr opna aftur. **remal-o** enduropnun. **fand-i** áhr bræða saman. **fulmo-ilo**, **glit-ilo**, **tir-ilo** = zipo.

klak-i áhr loka með skell. **klak-ilo** spenna, hespa. **pinĉ-ilo** eðl efn klemma. **sigel-i** áhr innsigla.

ŝtop-i áhr loka niðri; setja tappa í. **tranĉmal-i** áhr skera upp.

fermat/o tón lengingarmerki, dráttarmerki.

ferment/i áhl efn gerjast, ólga. **-o** efn gerill. **-ado** gerjun, gerð, ólga. **-aĵo** súrdeig.

-igi hleypta ólgu í, láta gerjast, sýra. **-ilo** ger. **ne-inta**, **sen-a** ósýrður. **sen-a pano** = maco.

ne-inta vino óáfengt vín.

fermilo efn fermíum, fermín (*Fm*) (*frumefni nr. 100*).

fermion/o eðl fermíeind.

fero/a ldf færeyskur. **F-aj Insuloj**, **F-io**, **F-oj** Færeyjar. **-ano** Færeyingur.

feroc/a ská grimmur, grimmúðugur, villtur.

ferol/o gra djöflatað (*Ferula*).

ferotipi/o ljó ljósmyndun á járnplötu.

fervor/o áhugi, áræði. **-a** heitur, ákafur. **-e** duglega, heitt, ákaft, með ákafa.

-i áhl vera vandlætingarsamur, brenna af mikilli vandlætingu (s. Sk.1.14). **mal-a** kuldalegur, afskiptalaus.

sen-a, **ne-a** hálfvolgur. **-ega** ofsafenginn. **-ulo** ákafamaður, ofstækismaður.

fest/i áhr halda hátíðlegan. **-o** hátíð. **-a** hátíðlegur. **-e** til hátíðar, hátíðlega. **-aĵo** hátíðarathöfn.

-eco hátíðleiki. **boat-o** kappsigling. **edziĝ-o** brúðkaup(sdagur). **kandel-o** kyndilmessa.

memor-o minningarhátíð. **nom-o** nafndagur. **palmo-o** pálmásunnudagur. **taŭr-o** = taŭrbatalo.

tendo-o laufskálahátíð. **-salono** hátíðarsalur. **-tago** hátíðisdagur.

festen/i áhl halda veislu; éta krásir. **-o** veisla. **-a** veislu-. **-e aŭ malplene** allt eða ekkert.

-ado veisla, veisluhald. **-ejo** veislusalur. **-ema** félagslyndur.

festival/o (alþjóða)hátíð.

feston/o bogi, laufaskurður. **-i** áhr skreyta blómbogum.

festuk/o gra vingull (*Festuca*).

fet/o dýr fóstur. **-a** fósturs-, fóstur-.

fetiĉ/o trú skurðgoð, töfragripur, verndargripur. **-ismo** sál 1 skurðgoðadýrkun, trú á stokka og steina.

2 blótskapur. **-isto** skurðgoðadýrkandi.

fetor/o óþefur, ódaunn. **-a** daunillur, þefillur. **-i** áhl þefja illa, dauna; vera afar ógeðfældur.

feŭd/o lén. **-a** léns-, sem lýtur að léni. **-i** áhr léna. **-eco** lénsfyrirkomulag. **-estro** lénsdrottinn.

-ismo lénsstjórn, lénskipulag. **-ulo** lénsmaður. **-mastro** = feŭdestro. **-rajto** lénsumboð. **en-igi** veita lán.

fez/o tyrkjakolla.

fi! mfr 1 svei, sveiattan. **-al vi** skammastu þín. 2 (forskeyti) skammarlegur, svívirðilegur, t.d. **-ago** ódæði;

-homo, **-ulo** ódráttur, óþokki. **-a** skammarlegur, svívirðilegur, andstyggilegur, viðbjóðslegur.

-flati áhr smjæðra fyrirliðlega. **-libro** klámrit. **-rakonto** vafasöm saga. **-virino** subba.

fi mfr fí, 21. bókstafur gríska stafrófsins (Φ, φ, ϕ).

fiakr/o leiguvagn. **-isto** leiguvagnsstjóri.

fianĉ/o unnusti, heitmaður, kærasti. **-a** trúlofunar-. **-iĝi** trúlofast. **-iĝo**, **-eco** trúlofun.

-ino unnusta, kærasta, heitmey, heitkona. **-ina** heitmeyjar-. **-inigi** trúlofa. **-iniĝi** trúlofast. **-amiko** svaramaður. **ge-oj** verðandi hjón, hjónaefni. **eks-iĝi** rifta trúlofun, slíta trúlofun. **inter-iĝi** trúlofast.

fiask/o ófarir, hrakfarir. **-i** *áhl* verða að engu, mistakast.

fiber/o dýr bísamrotta (*Fiber*, einkum *zibethicus*). **-a felo** bísam.

fibol/o *sag* **1** forn brjóstnál, dálkur. **2** öryggisnæla (= **sendanĝera pinglo**).

fibr/o *lfæ* **1** trefja. **2** þráður. **-a, -oza, -oplena** trefjóttur. **-eto** fíngerður þráður. **-iĝi** flosna, trafna.

-omo *læk* bandvefsæxli. **dis-i** *áhr* aðskilja trefjurnar í.

fibrilaci/o *læk* hjartatitringur.

fibrin/o *lfe* fibrín, trefjaefni, trafi.

fibrinogen/o *lfe* fibrínógen, frumtrafi.

fibroin/o *efn* fibróín. **silko-o** silkifibróín.

fibul/o *lfæ* dálkur, sperrileggur.

fid/i *áhr* treysta, reiða sig á. **-o** **1** trú. **2** trúnaður, traust. **-ebla** áreiðanlegur, traustur; ábyggilegur.

-inda skilríkur, áreiðanlegur, trúr. **mal-i** *áhr* vantreysta, tortryggja. **mal-ema** efunarsjúkur; vantrúaður.

mem-o sjálftraust. **ne-inda** óviss, vafasamur, óáreiðanlegur, ótraustur. **ne-ulo** trúrofi.

sin-o = **memfido**. **tromem-a** of öruggur, of vongóður. **tro-ema** trúgjarn. **bona-e** *lög* í góðri trú.

malgrand-a *kri* trúlítill.

fideikomis/o *lög* aðalerfðagóss; óðal. **-ulo** eigandi að aðalerfðagóssi; óðalsbóndi.

fidel/a **1** tryggur. **2** trúr; nákvæmur. **-e** tryggilega; trúlega. **-aĵo** traust.

-eco tryggð, trúmennska; nákvæmni, áreiðanleiki. **-ulo** **1** trúr maður. **2** trúaður maður.

mal-a **1** ótrúr. **2** ótryggur; ónákvæmur.

Fidi/o *per* Fídías.

fidr/o *rtæ* rafveitutaug.

fier/a **1** stoltur, þóttafullur. **2** drambsamur, hrokafullur. **-e** á hrokafullan hátt.

-i *áhl* vera stoltur, hrokast, ofmetnast. **-o** dýrð. **-aĵo** drambyrði. **-eco** stolt, drambssemi. **-ego** hroki, drambr.

-igi blása upp (af monti). **-iga** æsandi. **-iĝi** verða hrokafullur. **-indaĵo** vegsemd. **-ulo** ágjarn maður.

mal-a hæverskur, lítillátur, auðmjúkur. **sen-a** dramblaus.

fifr/o *tón* hljóðpípa, pikkólóflauta.

fig/o *gra* fíkja. **-arbo, -ujo** fíkjutré (*Ficus carica*). **-birdo** dýr fíkjufugl (*Sphecotheres*).

Figar/o *bók* Fígaró.

figur/o **1** persóna; andlit; útlit. **2** líkan. **3** líking, gervi. **4** lögun, vaxtarlag.

5 mynd, teikning, riss; flatarmálsmynd. **6** *tón* sveipur, mynstur. **7** stílbragð. **-a** líkingafullur, óeiginlegur.

-e í táknrænum skilningi, í óeiginlegri merkingu. **-i** *áhr* **1** teikna; lýsa, sýna. **2** tákna. **3** leika (hlutverk).

-ado myndun, myndagerð; lýsing (með orðum); tákun. **-aĵo** mynd, skýringarmynd.

-anto *lei* aukadansari; aukaleikari; þegjandi leikari. **-eto** lítil stytta. **antaŭ-i** *áhr* boða, vita á.

trans-i *áhr* ummynda, gera dýrlegri. **trans-iĝo** *kap* ummyndun (Kristis). **bel-a** laglegur, myndarlegur.

ĉifon-o fuglahræða. **sankt-o** helgimynd. **stel-o** = **konstelacio**. **ŝak-o** tafmaður (utan peða).

tut-a **skulptaĵo** standandi líkamsmynd.

Fiĝi/oj *ldf* Fídjeijar, Fídji. **-a** fídjeyskur. **-ano** Fídjeyingur.

fik/i *áhr* nýy serða.

fikari/o *gra* vorsóleý (*Ranunculus ficaria*).

fikci/o **1** hugarsmið, hugsmið. **2** skáldskapur. **3** tilbúningur, uppspuni.

-a **1** skáldskapar-, uppgerðar-. **2** ósannur. **3** gervi-. **-i** *áhr* látast sem, láta skilja. **-eco** falsleiki, ósannindi.

fikomiket/oj *gra* þörungasveppir (*Phycomycetes*).

fiks/i *áhr* **1** festa. **2** ákveða. **3** *ljó* fixera, festa mynd á (filmu). **-a** fastur. **-e** **rigardi** stara, horfa fast á.

-(ad)o festing; fyrirskipun, ákvörðun. **-aĵo** útbúnaður. **-eco** festa. **-iĝi** festast. **-ilo** **1** fixatíf. **2** fixer.

3 skrúfstykki. **-angulo** festingarhorn. **-bano** *ljó* fixerbað. **-ideulo** *sál* maður með þráhyggju. **al-i** *áhr* festa á.

mal-i *áhr* losa, leysa. **mal-a** laus, leystur. **kun-i** *áhr* festa saman. **kejlo-i** *áhr* festa með fleyg(um).

lok-ita kyrrstæður. **ton-i** *áhr* *ljó* gefa litblæ og fixera (festa).

fiktiv/a *mfr* = **fikcia**. **-eco** = **fikcieco**. **-a modo** = **kondicionalo**. **-aĵo** = **fikcio**.

fil/o sonur. **la -o de homo** mannssonurinn. **la erarinta** (eða **perdita**) **filo** glataði sonurinn.

-a sonarlegur, dótturlegur. **-ĉjo** sonarkund. **-eco** sonerni, sonarstaða. **-eto** sonur sæll.

-igi ættleiða (sveinbarn). **-ino** dóttir. **-ineto** lítil dóttir. **-inurboj** þorpin umhverfis borg. **bo-o** tengdasonur.

bo-ino tengdadóttir. **duon-o** stjúpsonur. **duon-ino** stjúpdóttir. **ge-oj** sonur (eða synir) og dóttir (eða dætur).

pra-o afkomandi, niður. **sen-ulo** sonarlaus maður. **sol-o** einkasonur. **sol-ino** einkadóttir.

- filadelf/o** *gra* snækóróna (*Philadelphus (coronarius)*).
- Filadelf/o** *sag* Fíladelfus.
- Filadelfi/o** *ldf* Philadelphia (borg í Pennsylvaníu).
- filakteri/o** *inn* minnisborði (s. Mt.23.5).
- filament/o** *rtæ* **1** glóðarþráður. **2** *lfæ* taugapráður. **3** *gra* frjóþráður.
- filandr/o** *dýr* **1** kóngulóarvefur. **2** hialín.
- filantrop/o** *per* mannvinur. **-a** mannúðlegur. **-eco, -io** mannkærleiki, mannúð. **-ia = filantropa.**
- filari/o** *dýr* þráðormur (*Filaria*). **-ozo** *læk* þráðarsýki, Bancroftsormaveiki.
- filatel/o** frímerkjasfræði; frímerkjasöfnun. **-a** frímerkjasöfnunar-. **-isto** frímerkjasafnari.
- file/o** **1** *mat* lundir. **2** *mat* flak. **3** *pre* þverlína á bókarkili.
- Filemon/o** *per* Fílemon.
- Fileziacoj** *gra* klifurliljuætt (*Philesiaceæ*).
- filharmonio** filharmónía. **-a** filharmónískur, filharmóníu-.
- filio** útibú, undirdeild. **-iĝi** tengjast öðru fyrirtæki. **-igi** gera að systurfyrirtæki.
- filigran/o** *tæk* **1** víravirki. **2** vatnsmerki (á pappír). **-i** *áhr* þrýða víravirki, setja vatnsmerki (á pappír).
- filik/oj** *gra* burkni (*Filix*). **har-o = adianto. in-o = atirio. ŝild-o = aspidio. vir-o** stóriburkni. **-ejo** burknahús.
- oscienco** burknafræði.
- Filip/o** *per* Filip, Filippus. **-a, -ino** Filippía.
- filipendul/o** *gra* brúðarvefur (*Filipendula*).
- Filipi/o** *sag* Filippí. **-ano** Filippímaður.
- filipik/o** *bók* **1** ádeiluræða Demospenesar gegn Filippusi Makedóníukonungi. **2** þrumuræða.
- Filipin/oj** *ldf* Filippseyjar. **-a** filippseyskur. **-ano** Filippseyingur.
- filistr/o** **1** smáborgari, oddborgari, broddborgari, smásál. **2** ómenntaður maður.
- a** smáborgaralegur, smásálarlegur; ómenntaður. **-eco** smásálarsskapur.
- filiŝt/o** *sag* Filistei. **F-ujo** *bib* Filisteá.
- filit/o** *ste* hjartartunga (*Phyllitis*).
- film/o** **1** filma. **2** kvikmynd; bíómynd. **3** hula, himna. **silenta -o** þögul (kvik)mynd. **-a** kvikmynda-.
- i** *áhr* filma, taka kvikmynd. **-ado** kvikmyndun. **-eto** filma (í myndavél). **-inda** sem kvikmyndast vel.
- isto** kvikmyndagerðarmaður, kvikmyndari. **-ujo** filmukassi; spóla. **-aktoro** kvikmyndaleikari.
- bazo** filma án þeytu. **-ludi** *áhl* leika í kvikmynd. **-oprezentado** kvikmynda(r)sýning. **parol-o, son-o** talmynd.
- filogenezo** *líf* ættarþróun, þróunarskeið æðri dýrategunda og manna frá frumstæðum lífverum.
- filogenio** *líf* þróunarferill, þróunarsaga (tegunda).
- filokser/o** *dýr* vínlús (*Phylloxera*).
- Filoktet/o** *per* Filoktetes.
- filolog/o** málfræðingur, textafræðingur, mál- og bókmenntafræðingur. **-io** málfræði, málvísindi.
- ia** málfræðilegur, málvísindalegur.
- Filomel/o** *goð* Fíломela.
- Filon/o** *per* Fílon.
- filosemit/o** *per* gyðingasinni. **-ismo** vinsamleiki við gyðinga.
- filoskop/o** *dýr* söngvari (fugl) (*Phylloscopus*).
- filostom/o** *dýr* (*Phyllostoma*). **-edoj** blaðnefjur (*Phyllostomatidæ*).
- filozof/o** heimspekingur. **-i** *áhl* vera stilltur. **-io** heimspeki. **-ia** heimspeki-.
- ii** *áhl* hugsa, bollaleggja heimspekilega.
- filtr/i** *áhr* ljó sía (t.d. fljóttandi efni). **-a** síu-. **-ajo** **1** síað efni. **2** síaður vökvi. **-iĝi** síast; smjúga, sitra.
- ilo** *ljó fja* sía; filter. **-odisko** kringlóttur síupappír. **-opapero** síupappír. **en-iĝi** sogast í gegnum, síast í gegnum.
- tra-iĝi** vætla. **bend-ilo** *fja* útv bandsía. **pas-ilo = bendfiltrilo. suĉ-i** *áhr* sogsía.
- filtrum/o** *lfæ* efrivararrena.
- filum/o** *gra* *dýr* fylking (í líffræði).
- fimbri/o** *lfæ* kögur. **ovaria -o** kögurstrengur eggjakerfis.
- fimoz/o** *lfæ* forhúðarþrengsli, forhúðarþröng.
- fin/i** *áhr* **1** hætta. **2** enda, ljúka við. **3** ljúka. **-a** *stæ* síðastur, endanlegur, loka-. **-e** **1** síðast. **2** að lokum.
- fin-e** loksins. **-o** endi, endir, endalok. **-ado** fullkomnun. **-ajo** *mfr* **1** ending. **2** (í tónverki) koda, lokapáttur kafla.
- igi** **1** láta hverfa. **2** láta ljúka, láta klára. **-iĝi** **1** líða undir lok. **2** hætta. **3** enda, ljúka. **-iĝo** **1** lok. **2 = -ajo.**
- ita** *stæ* **1** tilbúinn, búinn; liðinn undir lok. **2 = finia.**

-ulo sá síðasti. -ofara loka-, endanlegur. -ofara bato banahögg, náðarhögg. al-igi leiða til lykta. ne-ita ófullgerður. sen-a stæ 1 endalaus. 2 óþrjótandi. 3 óendanlegur. sen-e stöðugt, í sífellu. mond-o heimsendir, heimsslit. semajno-o helgi (laugardagur og sunnudagur). Ath. Stundum er fin notað sem forskeyti í merkingu el en það táknar fullkomnun. Ber að nota fin þannig sem minnst (aðallega þá er gæti leitt til misskilnings að nota el). parol-o niðurlag ræðu, ræðulok.

final/o tón 1 lokakafli (í tónverki). 2 íþr úrslit, úrslitaleikur; úrslitakeppni.

-isto sá sem kemst í úrslit, þátttakandi í úrslitakeppni.

financ/o fjármál, fjárhagur. -a fjármála-. -i áhr fjármagna, kosta. -isto fjármálamaður.

-istaro fjármálamenn, fésýslumenn. -oficisto fjármálastarfsmaður.

fines/o flu svínun.

fingr/o lfæ fingur. dika -o þumalfingur. longa -o langatöng. malgranda -o litlifingur.

montra -o vísifingur. ringa -o græðifingur, baugfingur. -a fingur-, fingra-.

-i áhr 1 vísa (með tölustöfum) til haganlegustu fingrastöðu á hljóðfæri. 2 skipa fingrunum (við hljóðfæri).

-ado fingrasetning. -aĵoj lfæ fingurlaga hluti líffæris. -eto lítill fingur. F-eto þumalingur. -ingo 1 fingurbjörg. 2 fingursmokkur. -ujo 1 fingur (á vettlingi). 2 fingursmokkur. -umi áhr fitla við.

inter-igi la manojn spenna greipar. dik-o = polekso. et-o = malgranda fingro. pied-o tá. pied-e á tánun.

-opinto fingurgómur.

fini/a stæ endanlegur. -o stæ endanlegt magn. ne-a óendanlegur, ótakmarkaður.

ne-iganto örspönnuður. trans-a stæ sem liggur hinum megin óendanleikans.

Finister/o ldf 1 Finisterrehöfði (á Spáni). 2 Finisterrehérað (í Frakklandi).

finitiv/o mfr sögn í persónuhætti, persónuháttur.

fink/o finka; finkuætt.

Finland/o = Finnujo, Finnlando.

Finmark/o ldf Finnmörk.

finn/o per Finnendingur, Finni. -a finnskur. F-io, -ujo, F-lando ldf Finnland.

fint/o her íþr bragð, klækur. -i áhl stinga sneið.

fiol/o efn meðalaflaska, lyfjaflaska.

firm/a bib fastur, stöðugur; staðfastur. -aĵo 1 festing. 2 föst jörð. -eco festa, staðfesta.

-igi staðfesta, festa. -iĝi harðna, hlaupa, storkna. mal-a óstöðugur, linur, mjúkur, eftirlátssamur; beygjanlegur.

mal-igi losa, veikja; grafa undan; rugla. anim-eco þrákelkni, þrautseigja. rok-a óbifanlegur.

firm/o 1 fyrirtæki. 2 firma, firmaheiti.

firma/o = firmo 1.

firmament/o festing, himinhvel.

firn/o veð hjarn.

first/o byg ldf 1 mænir. 2 fjallshryggur. -a mæni-, mænis-. -olinio ldf vörp, vatnaskil. -otrabo mæniás.

fisi/o eðl kjarnaklofnun. -a bombo klofnunarsprengja (= atombombo).

fisk/o 1 ríkissjóður. 2 skattstjórnun. -a skatt-, skatta-; sem lýtur að ríkissjóði.

fistul/o læk pípusár, fistill.

fišo/o dýr mat fiskur. F-oj dýr stj Fiskarnir (stjörnumerki). -a fisk-, fiski-. -i áhr veiða (fisk), fiska; fiska upp.

-ado fiskveiði. -aĵo fiskur (sem matur), fiskmeti. -ejo fiskimið. -eto lítill fiskur, smáfiskur. -ido síli, seiði.

-isto 1 fiskimaður. 2 fisksali. 3 fiskiræktarmaður. -ujo fiskitjörn; fiskpollur. -kapti = fiši. -kaptilo veiðarfæri.

-kulturo fiskirækt, fiskaklak. -osto fiskbein. -ovoj, -ovaro hrogn. blanka -o 1 = alburno 2. 2 = leücisko.

barb-o dýr skeggkarfa (Barbus). dorn-(et)o = gasterosteo.

elektra -o = gimnoto, elektroforo. flug-o flugfiskur = ekzocebo (Exocætus). glav-o = spadfišo.

hok-i áhr veiða á öngul. kat-o steinbítur. or-o gullfiskur (Cyprinus auratus).

pilot-o leiðsögufiskur, lóðsfiskur (Naucrates ductor). plat-o = pleüronektedo. sablo-o = ekvilo.

seg-o = pristo. spad-o sverðfiskur (= ksifio). šlim-o slímfiskur. -oleo lýsi.

fiteüm/o gra strokkar (garðjurt) (Phyteuma).

fiting/o tæk tengihlutir, tengsl (í pípulögnum).

fitis/o dýr laufsöngvari (Phylloscopus trochilus).

fito-/ gra plant-.

fitogen/a líf myndaður af jurtum, myndaður af jurtaefnum.

- Fitolakacoj** *gra* gljáberjaætt (*Phytolaccaceæ*).
- fizali/o** *dýr* hveljudýr (*Physalia*).
- fizalid/o** *gra* blöðrubikar (*Physalis*).
- fizik/o** *vís* eðlisfræði. **-a** *ldf* 1 eðlisfræði-, eðlisfræðilegur. 2 náttúru-, náttúrufræðilegur. 3 líkamlegur. **-e** líkamlega. **-isto** eðlisfræðingur. **astro-o** stjarnfræðingur. **kern-o** kjarnfræðingur.
- fiziognomik/o** *vís* andlitstúlkun.
- fiziolog/o** *per* lífeðlisfræðingur. **-io** lífeðlisfræði. **-ia** lífeðlis-.
- fizionomi/o** andlitsfall, svipur; útlit.
- fzioterapi/o** *læk* orkulækning, sjúkraleikfimi, sjúkraþjálfun.
- fjord/o** *ldf* fjörður.
- flabel/a** með blævængslögun.
- flag/o** *sig* flagg, fáni, merki. **-i** *áhr* flagga, skryðða flöggum. **-eto** veifa, lítill fáni. **-ajo** flaggdúkur.
- stango** *sig* flaggstöng. **-šipo** flaggskip, skip flotaforingja. **-štofo = flagajo**. **signal-o** *sig* merkjaflagg.
- osignali** *áhl* gefa merki með flöggum. **vento-o** veðurviti, vindhani.
- flagel/o** *gra* **dýr** 1 rengla. 2 bihár. **-uloj** *gra* **dýr** svipudýr (*Flagellata*).
- Flagelant/o** *kap* flengjandi, svipubróðir.
- Flagelariacoj** *gra* pískjurtætt (*Flagellariaceæ*).
- flagri** *áhl* blakta; leiftra. **-ado** blakt. **-ajo** blossi. **-eti** *áhl* flögra; blika. **ek-i** *áhl* blossa upp. **ek-o** uppákoma.
- flaĝolet/o** *tón* lítill blokkflauta.
- flak/o** *nýy* pollur.
- flakon/o** *alm efn* 1 (ilm)flaska. 2 suðufaska; kolba. **špruc-o** úðaflaska.
- flakurti/o** *gra* (*Flacourtia*). **-eco** *felviðarætt* (*Flacourtiaceæ*).
- flam/o** logi, funi, blossi. **-a** 1 sveipandi, logandi. 2 fjörugur. **-i** *áhl* loga, fuðra. **-eco** hiti, ákafi, bruni.
- ema** eldimur. **-igi** setja eld í; æsa; kveikja í. **-iĝi** 1 blossa upp. 2 verða æstur. **-iĝema** bráðlyndur, uppstökkur. **-ingo** brennari (á gaslampa) = **gasbeko**. **ek-i** *áhl* kvikna í. **ek-a punkto** *efn* kveikimark. **ek-igi** kveikja í. **ek-igilo** *tæk* kveikjari. **ek-iĝi** kvikna í. **-birdo = flamengo**. **-forma**, **-stila** logalegur, logalíkur. **-ĵetilo** eldvarpa. **blovo-o** logi sem myndast hefur með blæstri. **ofer-o** fórnareldur. **sago-o** eldtunga.
- flamand/o = flandro**.
- flamberg/o** skyldingaverð, lagsverð.
- flameng/o** *dýr* flamingói, flæmingi (= **fenikoptero**). **-ofloro** *gra* flamingóblóm (*Anthurium scherzerian*).
- flamin/o** *trú* rómverskur prestur.
- Flamini/o** *per* Flaminíus (rómverskur ræðismaður).
- flan/o** *mat* flatbrauð, flatkaka.
- flandr/o** *per* Flæmingi, Flandrari. **-a** flæmskur. **F-io**, **F-ujo** *ldf* Flæmingjaland, Flandur (flæmskumælandi hluti Belgíu). **-ismo** flæmsk þjóðernisstefna.
- flanel/o** flónel, flúnel; flannel. **-eto** bómullarflónel, baðmullarflúnel.
- flangŭ/o** *tæk* flans; stétt (á hjóli), kragi (á pípu).
- flank/o** 1 hlið. 2 síða. 3 -megin. 4 hverfa, vend. 5 hönd. 6 ætt. **-a** 1 hliðar-. 2 auka-.
- e** við hliðina. **-e de** 1 við hliðina á. 2 auk. 3 = **fare de, far**. **-en** *lei* 1 til hliðar; afsíðis. 2 í burtu.
- i** *áhr* verja (fylkingarhlið). **-ajo** 1 (fylkis)hlið, (virkis)hlið (= **alo**). 2 minni háttar mál. **al-iĝi** *sig* koma að skipshlið, koma að hlið. **ambaŭ-e** báðum megin, á báða bóga. **ĉi-e**, **ĉiu-e** 1 úr öllum áttum. 2 á alla vegu. **de-iĝi** villast, beygja af. **du-a** tvíhliða. **kvar-a** fjórhliða. **mult-a** flókinn, margbrotinn. **unu-a** hlutdrægur; einhliða. **unu-e** á annan bóginn. **-opiko** *læk* stingur undir síðu. **dors-o** bakhlið. **front-**, **kap-o** framhlið. **mond-o** höfuðátt heimsins. **ombro-o** skuggahlið. **sun-o** sólarhlið. **voj-o** vegarbrún.
- flari** *áhr* 1 nasa, finna lykt af. 2 þefa. 3 = **enflari**. **-o** snuður, hnýsni. **-a** þef-. **-ado** lyktarskyn.
- senti** *áhr* komast á snoðir um, lykta. **antaŭ-i** *áhr* gruna. **ek-i** *áhr* þefa af. **el-i** *áhr* þefa uppi. **en-i** *áhr* taka í nefið. **pri-i**, **-esplori** *áhr* rekja spor. **post-i** *áhr* rekja spor. **akre-a** þefvís. **-tabako** neftóbak.
- flask/o** fleygur, vasapeli, brúsi.
- flati** *áhr* smjaðra, skjalla, fleða. *flati sin*, hrósa sér. **-a** smjaðrandi; smjaðursamur.
- o** smjaður, fagurgali. **-ado** smjaður, það að smjaðra. **-ajo** fagurgali, gullhamrar.
- ema** smeðjulegur, óhóflega hrósandi. **-isto**, **-ulo** smjaðrari. **ĉirkaŭ-adi** *áhr* hrósa óhóflega.
- el-i** *áhr*, **per-i**, **-akiri** *áhr* fá með smjaðri. **-logi** *áhr* plata; lokka út úr. **fi-ulo** sleikja, smjaðrari.
- flaŭn/o** *mat* eggjakaka, pönnukaka.

- flaŭr/o** *gra* gróður(ríki), flóra.
- flav/a** 1 gulur. 2 sem svíkur stéttabaráttu verkamanna. -o 1 gult, gulur litur. 2 = **flavaĵo**.
- aĵo** rauða. -**eta** gulleitur, fölgulur. -**igi** *tæk* gera gulan; mála gulan. -**iĝi** gulna.
- ulo** 1 hörundsgulur maður, mongóli. 2 verkamaður sem er á móti stéttabaráttunni. **griz-a** drapplitur.
- hel-a** ljósgulur. -**a febro** gulusótt. -**a malsano** = **iktero**. **brun-a** gulbrúnn. **krom-o** krómgula, krómgulur litur.
- Flavi/o** *per* Flavíus. -**a** Flavía.
- Flavian/o** *per* Flavíanus.
- flavon/o** *efn* flavón.
- fle/o** *gra* foxgras, skollapunktur (*Phleum*).
- flebit/o** *læk* bláæðarbólga.
- flebotom/o** *læk* blóðtökutæki. -**io** *læk* blóðtaka.
- fleg/i** *áhr* 1 hjúkra. 2 líta eftir, gæta; annast. -**ado** hjúkrun. -**ejo** sjúkrahús; hjúkrunarhús.
- antino** hjúkrandi. -**isto** sjúkraliði, hjúkrunarmaður. -**istino** hjúkrunarkona, hjúkrunarfræðingur.
- man-ado** handsnyrting.
- Flegeton/o** *goð* Flegeþón (á í Hel).
- flegm/o** *sag* 1 = **limfo**. 2 rólyndi. 3 tómlæti. -**a** 1 daufur, tómlátur. 2 rólyndur.
- ulo** seinlátur maður, daufur maður.
- flegmazi/o** *læk* bjúgbólga. **blanka dolora** -o bandvefs- og bláæðabólga í fótlim, viðkvæm bjúgbólga.
- flegmon/o** *læk* blástur, bólgusótt, bólgumein.
- fleks/i** *áhr* 1 beygja, sveigja. 2 temja; auðmýkja. -**a** = **fleksebla**. -o *stæ* beygja; sveigur.
- ado** beyging, sveiging. -**anto** *lfæ* beygivöðvi. -**ebla** beygjanlegur, mjúkur, sveigjanlegur.
- iĝi** 1 beygja sig, bogna, svigna. 2 láta undan. -**iĝo** 1 lögun; hneiging. 2 bugða.
- iĝema** beygjanlegur; mjúkur; undanlátssamur. -**loko** beygistaður. -**orezisto** *tæk* ósveigjanleiki.
- osago** *eðl* *tæk* bogi. **de-iĝi** beygja sig til hliðar. **de-iĝo** *tæk* beygja. **el-ita** krókóttur.
- ne-ebla** ósveigjanlegur. **retro-i** *áhr* *læk* *hlj* brjóta aftur á bak. **retro-o** brot aftur á við.
- retro-o de la utero** legbrot aftur á við. **retro-a** fattur. **sub-i** *áhr* 1 þrýsta niður. 2 yfirbuga.
- sub-iĝo** *tæk* skekking; niðurburður. **sub-iteco** kjarkleysi. **trans-iĝa punkto** *stæ* hverfipunktur, beygjuskil.
- genu-i** *áhl* falla á kné.
- fleksi/o** *mfr* beyging (orða). -**a** sem beygist, beygingar-. -**i** *áhr* beygja (orð). **sen-a** óbeygður.
- fleksor/o** *læk* *lfæ* beygivöðvi.
- fles/o** *dýr* flundra (*Pleuronectes flesus*).
- flerovio** *efn* fleróvíum, fleróvín (*Fl*) (*frumefni nr. 114*).
- flibuŝtr/o** *sag* víkingur, sjóræningi (við strönd Rómönsku Ameríku á 17. og 18. öld).
- flik/i** *áhr* bæta. -o = **flikaĵo**. -**aĉi** *áhr* klastra. -**aĵo** bót. -**ilo** stagnál, stoppunál. -**ilaro** viðgerðarbyttu.
- istino** saumakona. -**itaĵo** 1 bót (á fót). 2 pjatla, bótastagl. -**umi** *áhr*, **faden-i** *áhr* stoppa í.
- farbo-i** *áhr* dubba upp (málningu). **kun-i** *áhr* skeyta saman. **ŝu-isto** skóviðgerðarmaður.
- flikten/o** *læk* smábóla, vatnsbóla.
- flint/o** *ljó* *tæk* tinnugler.
- flirt/i** *áhl* 1 flögra. 2 daðra. 3 blakta. -(**ad**)o flögrun; daður. -**a** blaktandi; flögrunar-; daður-.
- aĵo** kelirí. -**ema** blaktandi; daðurgjarn. -**igi** veifa. **ĉirkaŭ-i** *áhr* flækjast um.
- flog/o** = **flokso**.
- flogiston/o** flogiston.
- flok/o** 1 hnoðri. 2 flaga. -**a** flagnaður; eins og ull. -**igi** *efn* gera mærnaðan. -**iĝi** *efn* mærna.
- iĝado** það að mærna, mærnun. **neĝ-o** snjóflyksa. **sap-oj** sápuflögur.
- floks/o** *gra* glóðarblóm (*Phlox paniculata*); sumarljómi (*Phlox drummondii*).
- flor/i** *áhl* *gra* standa í blóma; blómgast. -o *gra* 1 blóm, blómstur. 2 blómi. -**ado** blómgun, blómstrun, blómi.
- a** blóma-, blómstur-. -**a folieto** = **petalo**. -**aĵo** 1 = **floro**. 2 blómafyrirmynd. -**ejo** blómagarður. -**eto** smáblóm.
- isto** blómasali; blómaræktandi, blómaræktarmaður. -**ujo** blómsturpottur; blómavasi. -**aro** klasi.
- eco** blómskipun. -**ingo** blómhaldari. -**umi** *áhr* skreyta með blómum. -**folio** blómblað. -**desegna** blómskrýddur.
- kulturejo** blómæktunarstöð. -**polvo** = **poleno**. -**tigo** = **pedunklo**. -**vendejo** blómabúð. -**vendisto** blómasali.
- vendistino** blómasölustúlka. **dis-i** *áhl* 1 blómstra. 2 brjótast út. **ek-i** *áhl* fá blóm, blómgast.
- re-i** *áhl* blómgast aftur. **astro-o** = **astero**. **buter-o** = **leontodo**. **kadavro-o** = **stapelio**.
- kruco-oj** = **kruciferacoj**. **maj-o** = **konvalo**. **neĝo-o** = **edelvejso**. **paper-o** pappírsblóm. **sango-o** = **hemanto**.
- sun-o** = **helianto**. **memor-o** = **miozoto**. **sen-a** blómlaus.
- Flora** *goð* Flóra (blómagyðja Rómverja).

- Floreal/o** sag blómamánuður (8. mánuður í almanaki frönsku byltingarinnar, 20. apríl – 19. maí).
- floren/o** sag flórína, gyllini. **brita -o = du ŝilingoj.**
- Florenc/o** *ldf* Flórens (borg á Ítalíu). **-a** af eða frá Flórens.
- Florid/o** *ldf* **1** Flórídaskagi (í suðaustanverðum Bandaríkjunum). **2** Flórída (fylki í Bandaríkjunum).
- flos/o** fleki; timburfloti. **-i áhl 1** fljóta. **2** leggja í flota (1. Kon. 5:9). **-ado** flot.
- aĵo** efni sem finnst fljótandi á vatni. **-igi** leggja á flota; flytja á flota. **-igado** flutningur í flota.
- ilo flu 1** korkflá. **2** flothylki, flot. **-isto** flotamaður, maður sem vinnur á flota. **-forto** sjá **forto**.
- linio** sjólína. **-ponto** flotbrú. **-vojo** flotarás. **-kapabla** flotfær.
- flot/o** *sig* floti, ríkisfloti. **aer-o** flugfloti, loftfloti. **aŭto-o** bílafloiti.
- flu/i** *áhl* renna, streyma. **-a 1** rennandi, streymandi. **2** reiprennandi. **3 (úrelt)** fljótandi = **likva**.
- o eđl** straumur, rennsli; flóð. **-adi áhl** renna sífellt. **-aĵo** fljótandi efni, vökvi. **-aĵa** fljótandi.
- eco 1** fljótanleiki. **2** liðugleiki. **-ego** stríður straumur; straumhörð á. **-ejo** farvegur. **-eti áhl** drjúpa, seytla.
- eto** dropafall, spræna. **-ilo** rás; stútur. **-akvo** rennandi vatn. **-linia** straumlínulaga.
- rondo** straumrás (= **cirkvito**). **-ometro** rennismælir. **al-i áhl** renna í. **al-o** flóð, aðfall. **al-anto** þverá.
- al-a** feikinægur. **de-i áhl** renna ofan, falla. **de-o** fall. **de-ilo** renna, ræsi. **de-iga tubo** úrgangspípa.
- dis-i áhl 1** flóa út, renna í allar áttir. **2** breiðast út; dreifast. **ek-i áhl** fara að renna.
- ek-igi** opna (krana), renna (e-u). **el-i áhl 1** streyma úr. **2** koma af. **el-o 1** *læk* úthelling; útrás; útferð, útstreymi. **2** gusa. **monata e-o = menstruo**. **blanka e-o = leŭkoreo**. **el-ejo** frárennsli. **el-ilo** afrennslispípa.
- el-kvanto** útstreymismagn. **el-eti áhl** vætla, seytla. **en-i áhl** renna í, falla til. **en-o** innstreymi, aðstreymi.
- en-ejo** mynni (á ós). **for-i áhl** renna burt; líða. **for-igi** tæma; eyða (tímanum).
- kontraŭ-e** upp ána, móti straumnum, gegn straumnum. **kontraŭ-o** *efn* gegnstreymi.
- kun-i áhl** sameinast, mynda samrennsli. **kun-ejo** samrennsli, ármót. **laŭ-e** með straumnum. **postfluo** kjölfar.
- preter-i áhl** fara/streyma fram hjá. **re-i áhl** fjara (út). **re-o** fjara, útfall. **sen-a 1** hreyfingarlaus, kyrrstæður, stöðu-. **2** straumlaus. **super-i áhl 1** flæða yfir, flóa yfir. **2** vera ofnógur. **super-o** ofgnótt, óþarfi. **super-a** ofnógur, óþarfur.
- tra-i áhr efn** renna í gegnum. **tra-eti áhr** síast í gegnum; leka. **netra-ebla** vatnspéttur.
- trans-igi 1** hella (úr einu íláti í annað). **2** *læk* gefa (blóð) = **transfuzi**. **trans-igo** blóðgjöf. **dik-a = viskoza**.
- Golfo-o** *ldf* Golfstraumur. **naz-ulo** maður með hornös. **rapid-a** straumharður. **rapid-o** flúðir.
- sango-o = hemoragio** (sjá Mk. 5:25). **sangal-o = kongesto**. **sangel-o = hemoragio**. **tub-ilo** *byg* frárennslisrör.
- ventro-o = lakso**.
- flug/i** *áhl* fljúga; þjóta. **-o** flug. **-a** flug-, fljúgandi. **-e** flugleiðis. **-ado** flug, það að fljúga. **-aĵo** e-ð sem flýgur.
- antaro** stór hópur fljúgandi fugla. **-ema** hverfandi. **-eti áhl** flögra, flökta; blakta. **-ilo** *lfæ tæk 1* vængur. **2** spaði. **3** álma. **4** fylkingarhlíð. **-ila 1** vængja-. **2** vængjaður. **-iluloj** *dýr* vængjaskordýr (*Pterygota*).
- haveno** flughöfn, flugstöð, flugvöllur. **-isto** flugmaður (= **aviadisto**). **-boato** flugbátur.
- okampo** flugstöð, flugvöllur. **-oklubo** flugskóli. **-maŝino** flugvél. **-pendi áhl** svífa, líða (einnig **-gliti**).
- (i)pova** flugfær. **-preta flu** búinn til flugtaks. **al-i áhl** fljúga til. **ĉirkaŭ-i áhr** fljúga í kringum.
- de-i áhl 1** fjúka (**de = af**). **2** fljúga upp. **dis-i áhl** fljúga í allar áttir. **dis-igi** feykja. **ek-i áhl** taka flug, fljúga upp.
- ek-o flu** flugtak. **el-i áhl** fljúga út. **en-i áhl** fljúga inn. **for-i áhl 1** fljúga burt. **2** hverfa. **preter-i áhl** fljúga fram hjá.
- re-i áhl** fljúga til baka. **sen-ila** vænglaus. **sen-iluloj** *dýr* vængleysingjar (*Apterygota*). **super-i áhr** fljúga yfir.
- supren-i = sori**. **tra-i áhr 1** fljúga í gegnum. **2** fljúga fram hjá. **trans-i áhr 1** fljúga yfir. **2** fljúga fram hjá. **3** breytast skyndilega.
- fluid/a** *eđl* straum-, streymandi, fljótandi. **-o sál eđl 1** straumefni, kvikefni, fljótandi efni. **2** vökvi.
- aĵo = likvaĵo**. **-eco** fljótanleiki, fljótandi ástand. **-igi** gera að streymandi efni, gera að fljótandi efni.
- iĝi** bráðna; hverfa. **mal-a** fastur.
- fluks/o** *eđl* flæði, straumur, streymi. **lum-o** ljósfæði. **magneta -o** segulflæði. **elektra ŝovo-o** spennuflæði.
- denso** flæðispéttleiki.
- fluktu/i** *áhl* *læk* ganga í bylgjum. **-ado 1** ölduhreyfing, dúan. **2** bylgjugangur.
- fluor/o** *efn* flúor (*F*) (*frumefni nr. 9*). **-ido** flúoríð. **-borato** tetraflúorbórat. **-borata acido** tetraflúorbórsýra.
- silikato** flúorsilíkat. **-spato = fluorito**.
- fluorescein/o** *efn* flúorsín, appelsínurautt kristallað duft sem myndar gulgræna basíska vatnslausn sem flúrljómar.
- fluoresk/i** *áhl* *ljó* gefa frá sér flúrskín. **-o** flúrljómun. **-a** flúrskíns-. **-oekrano** flúrskínsskermur.
- fluorit/o** *efn* flúorit, flússpat.
- flus/o** *sjó* flóð, flæði, aðfall. **mal-o** fjara, útfall. **-akvo**, **-fluo** sjávarföll.

- fluspat/o** ste flússpat.
- flustr/i** áhr hvísla. **-o** *hlj* hvísl. **-ado** skjáf; hvísl, hvísling. **-isto** maður sem hvískrar (sjá Jes. 8:19).
- flut/o** tón flauta, hljóðpípa. **paštista -o** panflauta, hjarðflauta. **transversa -o** þverflauta.
- isto** hljóðpípuleikari, flautuleikari. **-a** flautu-; flautulíkur. **-i** *áhl* leika á flautu. **-eto** pikkólóflauta.
- bek-o** blokkflauta. **lad-o** leikfangaflauta. **sak-o** sekkjapípa.
- fluter/o** *læk* óður og óreglulegur hjartsláttur.
- Fob/o** stj Fóbos (annað tungla Mars).
- fobi/o** *læk* fælni (sjá einnig **agorafobio**, **aerofobio**, **kancerofobio**, **klostrofobio**, **hidrofobio** o.s.frv.).
- foceno/o** dýr hnísa (*Phocæna*) (= **marporko**). **pilota/nigra -o** marsvín, grindhvalur (*Globicephalus melas*).
- Focid/o** *ldf* Fókis (hluti Forn-Grikklands).
- foin/o** dýr húsmörður (*Mustela foina*).
- foir/o** kaupstefna, markaður, vörusýning. **-ego** stórmarkaður, mikil vörusýning.
- ejo** markaðstorg; vörusýningarsalur. **-isto** sali á vörusýningu.
- fojo** *mfr* sinn, skipti. **unu-on** einu sinni. **per unu -o** í eitt skipti fyrir öll. **lastan -on 1** í síðasta skipti. **2** í síðasta sinn. **-e** einhverju sinni. **ĉi- -e** í þetta sinn. **ĉiu-e** í hvert sinn, hverju sinni.
- ia-e, iu-e** eitthvert sinn, einhverju sinni; stundum. **kelk-e** nokkrum sinnum. **mult-e** oft, margsinnis.
- plur-e** oft en einu sinni. **re-e** aftur. **ankoraŭ re-e** einu sinni enn. **unu-a** einstakur. **unu-e** einu sinni.
- du-e** tvívegis, tvisvar. **tri-e** þrívegis, þrisvar. **dek-e** í tíu skipti. **mil-e** í þúsund skipti.
- tiom-e** svo oft, í svo mörg skipti. **unua-a** (sem gerist) í fyrsta sinn. **dua-a** sem gerist í annað sinn.
- tria-a** sem gerist í þriðja sinn. **unua-e** í fyrsta sinn. **dua-e** í annað sinn. **tria-e** í þriðja sinn.
- foje- -e** við og við, öðru hverju. **sam-e** í sama sinn.
- fojn/o** hey. **-i** *áhl* heyja, vinna við heyskap. **-ado** heyskapur. **-ejo** hlaða, heyloft. **-ujo** heygrind (= **stalrako**).
- isto** heyvinnumaður, sláttumaður. **-amaso** heystakkur. **-febroy** heysótt, ofnæmi fyrir frjóðusti, heyi o.p.h.
- forko** heykvísl. **-forno** moðsuðukassi. **-kampo** slægjuland. **-rikolto** heyannir. **post-o** há.
- fok/o** dýr selur (*Phoca*). **-uloj** selir (*Pinnipedia*). **-edoj** selaætt (*Phocidae*).
- griz-o, griza -o** gráselur (= **halihero**). **orel-o** = **otariado**. **-ĉasado** selveiði. **-ŝipo** selbátur. **-felo** selskinn.
- oleo** sellýsi.
- foksen/o** dýr straumlalli (*Phoxinus phoxinus*).
- fokstrot/o** foxtrott.
- fokus/o** *stæ* brennipunktur, brennidepill; miðpunktur. **-a** brenni-. **dis-eco** *stæ* miðskekkja.
- en-igi** *ljó* stilla fjarlægð á. **inter-a distanco** *eðl* brennividd. **du-a** tvíslípaður.
- fol/a** *ská* léttúðugur; heimskulegur.
- folad/o** dýr boruskel (*Pholas*). **-edoj** bergbúaætt (*Pholadidae*).
- fold/o** *tæk* gróp, lögg. **-i** *áhr* grópa, greypa, gera skoru í. **en-igi** festa í gróp. **ŝovo-o** rennibraut, renniflötur.
- foli/o** *gra* **1** lauf, blað. **2** pappírslað. **3** þynna, himna. **4** fólió (bókarbrot). **5** vængur (á borði).
- i** *áhl* **1** laufgast. **2** *áhr* = **foliumi**. **-a** **1** laufa-; laufugur. **2** = **folianta**. **-ado** laufgun. **-aĵo** lauf (jurta).
- aro** laufskrud. **-ara** laufugur, laufmikill. **-ego** fólió. **-ero** blaðflipi (= **foliolo** **2**).
- eto** **1** smáblað; pappírsmæla. **2** flugrit (= **flugfolio**). **-igi** **1** *mat* fletja út. **2** = **lamenigi**. **-ingo** blaðslíður.
- umi** *áhr* blaða í (bók). **-angulo** blaðhorn. **-arbo** lauffré. **-humo** laufmold. **-riĉa** = **foliara**. **inter-o** milliblað.
- krom-o** aukablað (í bók eða dagblaði). **sen-a** blaðlaus. **sen-igi** aflaufga. **agit-o** æsingablað, áróðursblað.
- aprob-o** *pre* samþykkt blað. **daŭr-a** sígrænn. **fal-a** sem fellir lauf = **decidua**. **flug-o** flugblað. **flor-o** = **petalo**.
- gvid-o** kynningarblað (handa ferðamönnum). **kalik-o** = **sepalo**. **lini-o** línustrikað blað. **mil-o** = **akileo**.
- model-o** forsnið. **or-o** gullblað. **tri-o** *gra* smári (*Trifolium*). **kvaron-o** fjöggra blaða brot, fjórðungsbrott.
- kvin-o** = **potentilo**. **larĝ-a** með stór blöð. **liber-a libro** hringjabók. **okon-o** áttablaðabrot. **stan-o** silfurpappír.
- foliant/o** **1** bók í arkarbroti. **2** arkarbrot, fólió.
- folikl/o** *gra* *lfæ* **1** bú; belgkirtill; kirtilblaðra. **2** belghylki. **-ito** *læk* bólga eða protí í hárbelg eða fitukirtli húðar.
- har-o** hárbelgur. **fermita -o** lokaður belgkirtill. **ovariaj -oj** eggbú.
- folikulino/o** = **oestrono**.
- foliol/o** *gra* **1** reifablað. **2** = **foliero**.
- folklor/o** **1** þjóðsögur. **2** þjóðsagnafræði. **-isto** þjóðsagnafræðingur.
- Fomalhaut/o, Fomalhot/o** stj Fomalhaut (stjarnan α í Suðurfiskunum).
- foment/i** *áhr* *læk* **1** setja bakstur á. **2** hvetja til, ýta undir. **-ado** það að leggja við bakstur; upphvatning.
- aĵo** (heitur) bakstur.

- fon/o** *eðl* 1 grunnur (það sem e-ð ber við), bakgrunnur; baksvið; baksýn. 2 desíbel.
- fond/i** *áhr* stofna, grundvalla; koma á fót. **-(ad)o** stofnun, það að stofna. **-oj = fonduso**. **-aĵo** stofnun, fyrirtæki. **-iĝi** vera grundvallaður. **-iĝo** stofnun, stofnsetning. **-into** stofnandi. **re-i** *áhr* grundvalla að nýju. **sen-a** ástæðulaus.
- fondus/o** *hag* sjóður, fé lagt til hliðar. **amortiza -o** lánaniðurgreiðslusjóður. **strik-o** verkfallssjóður.
- fonem/o** *hlj* hljóðungur. **-a** hljóðunga-. **-iko** hljóðungafræði.
- fonetik/o** *mfr* 1 hljóðfræði. 2 = **fonetismo**. **-a** hljóðfræði-. **-isto** hljóðfræðingur.
- fonetism/o** *mfr* hljóðkerfi, framburður.
- fonetist/o** forvígismaður hljóðbundins stafsetningarkerfis.
- fonofor/o** *læk* eyrnartæki.
- fonograf/o** hljóðriti.
- fonografi/o** *mfr* hljóðritun.
- fonogram/o** *mfr* ljóðtákn.
- fonologi/o** *mfr* hljóðkerfisfræði; hljóðungafræði.
- fonometr/o** *eðl* hljóðmælir. **-io** hljóðmælingafræði.
- font/o** 1 lind; uppspretta. 2 heimild. **-a** uppspretta-. **-i** *áhl* 1 hafa upptök sín (í = **el**). 2 spretta upp.
- oplumo** sjálfblekungur, lindarpenni. **-oserĉisto** maður sem leitar að vatni með spáteini.
- oŝtono** drykkjarlind. **el-igi** láta spretta upp. **kurent-o** straumgjafi. **lum-o** ljósgafi. **oleo-o** olíulind.
- ŝpruc-o** uppspretta. **termo-o** hver. **sal-o** saltkelda.
- fontan/o** gosbrunnur.
- Fontanbel/o** *ldf* Fontainebleau (borg í Frakklandi).
- fontanel/o** *lfæ* hausamót (á barni). **bregna -o, antaŭa -o** fremri hausamót.
- lambda -o, posta -o** aftari hausamót.
- for** *mfr* burt, brott. **-a** fjarlægur. **-e** langt í burtu, í fjarlægð. **-en** í fjarlægð(ina). **de -e** úr fjarlægð, langt að.
- aĵo** fjarlægð. **-eco** fjarlægð. **-igi** 1 fjarlægja, taka burt. 2 eyða; uppræta. **-iĝi** 1 fara burt. 2 víkja, hverfa.
- antaŭ-igi** hindra, koma í veg fyrir. **antaŭ-iga** hindrandi, hindrunar-; varnar-.
- ne-igebla** fastur, óafmáanlegur; ófyrnanlegur. **erar-igi** víkja (af leið). villast. – (Forskeyti:) **-aĉeti** *áhr* kaupa upp.
- akrigi** *áhr* taka burt með því að hvessa. **-blovi** *áhr* feykja (burt). **-bruli** *áhl* brenna til kaldra kola.
- bruligi** *áhr* brenna upp. **-doni** *áhr* láta af hendi. **-dormi** *áhr* sofa þangað til (e-ð) líður hjá, sofa af sér.
- drinki** *áhr* drekka upp (vín eða kaup). **-eskorti** *áhr* færa brott (í vörslu). **-esti** *áhl* vera fjarstaddur.
- froti** *áhr* skafa út. **-funebri sian vivon** eyða lífinu með því að syrgja. **-iri** *áhl* fara brott. **-kuri** *áhl* flýja.
- lasi** *áhr* yfirgefa; skilja eftir. **-leki** *áhr* þurrka upp; sleikja burt. **-ludi** *áhr* sóa í áhættuspili. **-manĝi** *áhr* éta upp.
- meti** *áhr* leggja niður. **-morti** *áhl* 1 deyja, andast. 2 lækka. **-naĝi** *áhl* synda brott. **-pafi** *áhl* skjóta af.
- pasi** *áhl* 1 líða hjá, líða burt. 2 deyja. **-perdi la tempon** eyða tímanum. **-permesi** *áhr* gefa leyfi.
- porti** *áhr* bera brott. **-preni** *áhr* taka burt. **-putri** *áhl* fúna niður, grotna niður. **-regali** *áhr* kveðja stórmannlega.
- resti** *áhl* mæta ekki, koma ekki. **-streki** *áhr* strika út. **-ŝteliĝi** læðast burtu.
- teni** *áhr* afstýra, láta ekki troða sér um tær. **-trinki** *áhr* drekka upp. **-vagi** *áhl* villast, ráfa. **-velki** *áhl* veslast upp.
- veturi** *áhl* leggja af stað. **-vojaĝi** *áhl* leggja af stað.
- foraminifer/oj** *dýr* götugar (*Foraminifera*).
- forcli** *áhr* *gar* rækta í vermireit (gróðurhúsi o.þ.u.l. **-ado** ræktun í vermireit. **-ejo** vermireitur, gróðurhús.
- forceps/o** *læk* tång, fæðingartång.
- forfikul/o** *dýr* klaufhali (*Forficula*).
- forges/i** *áhr* gleyma. **sin -i** 1 gleyma sér, hlaupa á sig. 2 hugsa ekki um hagsmuni sína.
- o** gleymska. **sin-o, mem-o** sjálfsgleymaska, sjálfsafneitun, ósérplægni. **-ejo** kjallaradýflissa.
- ema** gleyminn. **-emo** gleymaska, gleymni, vanræksla. **-igi** láta gleymast. **-iĝi** falla í gleymsku.
- ne-ebla** ógleymanlegur. **ne-umino = miozoto**.
- forĝi** *áhr* 1 hamra, smíða (málm). 2 móta, skapa. **-ado** smíði. **-ebla** sem hægt er að smíða.
- steril/a 1** ófrjór. **2** *læk* dauðhreinsaður, smitsæfður. **-eco** ófrjósemi. **-igi** *læk lög* gera ófrjóan.
- igo** ófrjósemisaðgerð, vönun. **-izi** dauðhreinsa; gerilsneyða. **-izado** dauðhreinsun; gerilsneyðing, sæðing.
- izatoro** dauðhreinsunartæki; gerilsneyðingartæki.
- sterk/o** áburður, mykja, tað. **-i** *áhr* bera á; teðja. **-ado** áburðardreifing. **-aĵo** tilbúinn áburður.
- ejo**, **-amaso** mykjuhaugur. **-akvo** mykjuvatn.
- sterkorari/o** = **rabmevo**.
- sterkuli/o** *gra* kólatré (*Sterculia*). **-acoj** kólatrésætt (*Sterculiaceæ*).
- sterled/o** dvergstyrja, styrtingur (*Acipenser ruthenus*).
- sterling/a** ver sterlings-. **-o** = **pundo**.
- stern/iáhr** breiða út, teygja úr, dreifa; leggja. **sin -i**, **-iĝi 1** leggja sig, leggjast. **2** teygja sig, vera breiddur.
- ado** útbreiðsla. **-aĵo 1** lag. **2** rúm; sængurfatnaður. **dis-i** *áhr* dreifa. **trak-i** *áhl jár* leggja járnbrautarteina.
- sternum/o** *lfæ* bringubein. **-a** bringubeins-.
- steroid/oj** *efn* sterar.
- sterol/oj** *efn* sterólar.
- stertor/o** korr. **-i** *áhl* korra (óp.).
- stetoskop/o** *læk* hlust(unar)pípa-**i**. *áhr* hlusta með hlustpípu.
- io** hlustun (sjúkling), brjóstskoðun, brjóstrannsókn.
- stevard/o** *sig flu* bryti. **-ino** þerna.
- steven/o** *sig* stafn, framstafn. **posta -o** afturstefni.
- stift/o** smánagli, tittur, stifti. **fiksa -o** stillibolti. **akso-o** spindill, spindilbolti. **fendo-o** fleygnagli.
- i** *áhr* festa, negla (með smánagla). **mal-i** *áhr* taka stiftið úr.
- stigm/o 1** *gra* fræni. **2** *dýr* öndunarop (skordýrs). **3** *lfæ* eggbúsmark.
- stigmat/o 1** ör. **2** *kaþ* krossfestingarsár. **3** brennimark. **4** merki, mark, skammarblettur, blettur.
- a 1** með krossfestingarsár. **2** *eðl* skekkjulaus. **-izi** *áhr* brennimerkja.
- stik/i** *áhr* *gra* gróðursetja græðling(a).
- Stiks/o 1** *goð* Styx, Styxfljótið, Stígsfljót (undirheimafljótið í grískri goðafræði)
- 2** *stj* Styx (eitt tungla dvergrikestjörnnar Plútós).
- stil/o 1** stíll (í riti, list). **2** tímatal. **-a** stíl-. **-igi** stílfæra. **-isto** stílsnillingur. **-istiko** stílfræði.
- sen-a** hversdagslegur, ómerkilegur. **-figuro** stílbragð. **flam-o** *hús* logalaga stíll.
- stilb/o** *eðl* stilb (mælieining flatarbirtu).
- Stilbeacoj** *gra* hunangsrinnaætt (*Stilbaceæ*).
- stilet/o** rýtingur.
- Stilidiacoj** *gra* gikkjurtaætt (*Stylidiaceæ*).
- stilobat/o** *hús* undirhleðsla (undir súlnaröð).
- stilus/o** *gra* stíll (á frævu) (í blómi).
- stilz/oj 1** stikla, gangstöng. **2** vaðfótur. **-obirdo** *dýr* vaðfugl. **-iri** *áhl* ganga á stiklum.
- Stimfal/o** *goð* Stymfalsvatn (en þar fældi Herakles Stymfalsfugla upp með eirskellu sem hann hafði fengið hjá Apenu).
- stimull/i** *áhr lfe* örva, æsa, hressa, hvetja, ýfa, erta. **-o** *læk* hvatning, uppörvun. **-ado** hvatning, örvun, erting.
- anto** *læk*, **-ilo** *læk* örvandi efni, örvandi lyf.
- stink/a** *ská* illa þefjaður, daunillur, þefillur. **-i** *áhl* þefja illa, dauna.
- stip/o** *gra 1* espartógras (*Stipa*). **2** stöngull. **stipendi/o** (náms)styrkur. **-i** *áhr* styrkja. **-ulo** styrkþegi.
- stipul/o** *gra* axlablað.
- stir/i** *áhr* *tæk* stýra. **-ejo** *sig* stýrishús (á skipi). **-ilo 1** stýrissveif, stýrishjól. **2** stýrisslá, stýrisstig.
- 3** stýri (á reiðhjóli o.þ.u.l.). **-isto 1** stýrimaður. **2** flugmaður, flugstjóri. **-lernejo 1** stýrimannaskóli. **2** ökuskóli.
- mem-anta** sjálfstýrandi. **ne-ebla** sem lætur ekki að stjórna, stjórnlaus. **tele-ata** fjarstýrður.
- stirak/o** *gra* stýrax (suðrænt tré eða runni) (*Styrax*). **-acoj** dropaviðarætt, stýraxviðarætt (*Styracaceæ*).

- stiren/o** *efn* stýren.
- Stiri/o** *ldf* Stiermarken (í Austurríki), Styrjumörk.
- stiv/i** *áhr* búlka, hlaða, stafla (vörum). **-isto** hleðslumaður, uppskipunarmaður.
- stof/o** *inn* kvart.
- stoik/a** *inn* **1** stóískur. **2** fastúðugur, rólyndur. **-eco** fastúð, rólyndi. **-ismo** stóuspeki. **-isto** stóumaður.
- ulo** fastúðugur maður, stóískur maður.
- stok/o** (vöru)birgðir. **-i** *áhr* hafa birgðir af.
- stokast/a** *töl* slembi-, tilviljunar-. **-a variablo** slembibreyta. **-e sendependaj** óháðir (atburðir).
- stokastik/o** *töl* slembifræði.
- Stokholm/o** *ldf* Stokkhólmur (höfuðborg Svíþjóðar).
- stol/o** *sag* *kri* stóla.
- stolnik/o** þjónn rússakeisarans.
- stolon/o** *gra* ofanjarðarrengra.
- stom/o** *gra* loftauga (há dýrum og jurtum).
- stomak/o** *lfæ* magi. **-a** maga-. **en-igi** láta ofan í sig. **maĉ-o** *lfæ* keppur.
- stomat/o** munnur; mynni, op. **-ito** *læk* munnbólga, munnþroti. **-ologo** munnfræðingur.
- ologio** munnfræði. **-oskopo** munnspegill. **-stomi/o** *mfr* -raufun.
- gastroentero-o** raufun og samtenging maga og garnar. **gastro-o** magaopnun.
- stomp/o** teiknistúfur. **-i** *áhr* skyggja (mynd).
- stop** **1** stans. **2** punktur (í símskeyti). **-i** *áhr* stansa, stöðva.
- stopl/o** stubbur, stofn, bútur. **-ejo** skorinn akur; há.
- storak/o** *inn* ilmkvöða.
- stotink/o** *inn* stotinka (búlgörsk mynt).
- stov/o** *nýy* (hitunar)ofn. **-ejo** dagstofa, hituð með ofni.
- strab/i** *áhl* **1** vera rangeygður. **2 -i al** gjóta hornauga til. **-a** rangeygður. **-e rigardi** gjóta augunum að.
- ismo** *læk* rangeygð, skjálgi. **diverĝa -ismo** fráeygð, skjálgi út á við. **konverĝa -ismo** tileygð, skjálgi inn á við.
- paraliza -ismo** lömunarskjálgi. **-ulo** rangeygður maður. **-ometro** skjálgamælir. **-otomio** skjálgskurður.
- Strabon/o** *per* Strabó.
- stramonio/o** *gra* broddepli (*Datura stramonium*).
- strand/o** = **plaĝo**.
- strang/a** kynlegur, undarlegur, skrytinn. **-e** undarlega; þótt undarlegt sé. **-aĵo** undarlegleiki, einkenni, sérkenni.
- eco** undarlegleiki, ókunnugleiki. **-ulo** sérvitur maður.
- strangol/i** *áhr* kyrkja. **-ado** kyrking.
- stranguri/o** *læk* dropamiga.
- stras/o** óekta gimsteinn.
- Strasbourg/o** *ldf* Strassborg, Strasbourg (borg í Frakklandi).
- strat/o** stræti, gata. **-a** götu-. **-eto** þröng gata; öngstræti. **-ulaĉo** slæpingi. **-ulino** vændiskona.
- ĉef-o** aðalgata, aðalstræti. **sak-o** blindgata.
- strategi/o** *sag* (í Forn-Aþenu) herstjóri (kosinn til eins árs í senn).
- strategi/o** **1** herstjórnarlist, herkænska. **2** skipulagning áróðursherferða. **-a** hernaðar-, hernaðarlegur.
- stratigrafi/o** *jar* jarðlagfræði.
- stratosfer/o** *eðl* heiðhvolf, heiðloft, háloft.
- stratum/o** *jar* jarðlag.
- stratus/o** *veð* blika, þykkni, þokuský.
- streb/i** *áhl* strita, keppast við, reyna, keppa að, þræla. **-o**, **-ado** strit.
- streĉ/i** *áhr* **1** teygja, þenja, toga. **2** reyna, leggja sig allan fram. **3** benda (boga).
- 4 -i horloĝon** draga upp klukku. **5 -i la cerbon** brjóta heilann. **6** þrengja, þétta.
- o** **1** þensla; áreynsla. **2** þensluafli. **3** tognun. **-a** hertur; ákafur. **-a muskolo** réttivöðvi. **-e laĉita** þröngur.
- ado** teygning, togn, þensla. **-eco** þrengd. **-iĝi** teygja sig, toгна, teygjast. **-iĝo** tognun.
- ilo** **1** víkkari; þenslugrind. **2** stag; tjaldstag. **3** klukkulykill. **-ita** *hlj* **1** hertur, þaninn. **2** spenntur.
- 3** viðsjárverður. **-iteco** þrengd; viðsjár. **-olimo** brotmark. **ĉirkaŭ-i** *áhr* kreista. **dis-i** *áhr* þenja út.
- kontraŭ-i** *áhr* berjast gegn. **mal-i** *áhr* slaka á, lina. **mal-iĝi** slaka á, slakna. **mal-iĝo** slökun. **mal-a** slakur, linur.
- sub-iáhr** *rúm* standa á milli. **tro-i** *áhr* reyna of mikið á. **ŝu-ilo** sköþvinga.

- strek/i** *áhr* strika. **-o** 1 strik. 2 komma, merki. **-aĵo** strikteikning. **-eto** 1 broddur, högg (t.d. ', ").
2 skástrik. **3** bandstrik. **4** stig. **-eti** *áhr* *tæk* draga þankastrik, draga óreglulega línu. **-ilo** strikálur.
-umi *áhr* skyggja, strika. **ĉirkaŭ-i** *áhr* hringa inn. **el-i** *áhr*, **for-i** *áhr* 1 strika út. **2** afmá, eyða, skafa út.
sub-i *áhr* undirstrika, strika undir; leggja áherslu á. **tra-i** *áhr* gegnumstrika, strika (í gegnum).
tra-ita **ĉeko** strikuð ávísun, strikaður tékki. **divid-o** *pre* bandstrik. **halto-o** *pre* þankastrik. **marko-o** skora.
rand-i *áhr* tenna (mynt). **son-o** *kvi* hljóðband. **takto-o** *tón* taktstrik. **voj-o** þröng gata, stígur.
Streliciacoj *gra* trönuþlómaætt (*Strelitziacææ*).
strepsipter/oj *dýr* þyrilvængjur (*Strepsiptera*).
streptokok/o *gra* keðjusýkill, keðjukokkur. **-ozo** keðjukokkasýking.
streptomycin/o *gra* læk streptómýsín (fúkkalyf).
stres/o læk stress, streita. **-anta** **aganto** streituorsök.
stret/a ská þröngur, mjór.
stri/o *tæk* *hús* *lfæ* *gra* *jar* 1 rák, rönd. 2 band; spilda. **glacia -o** jökulræk.
-a rákaður, með rákum; rákóttur, röndóttur. **-i** *áhr* ráka; strika. **-ita** **papero** strikað blað. **blu-a** bláröndóttur.
film-o myndaband, myndarúlla. **post-o**, **tren-o** kjölfar. **zebro-a** sebraröndóttur, röndóttur eins og sebradýr.
striat/o *lfæ* rákamyndun.
strid/a ská (um hljóð) hár, skrækur, ískrandi. **-i** *áhl* ískra.
strig/o *dýr* uglu (*Strix*). **-edoj** ugluætt (*Strigidæ*). **-oformaj** uglur (*Strigiformes*). **orel-o** eyrugla (*Asio otus*).
flama -o brandugla (*Asio flammeus*). **neĝo-o** = **nikteo**. **tur-o** turnugla (*Tyto alba*).
strigl/i *áhr* kempa (hesti). **-ilo** hrossakambur, hrossaklóra.
striko/o verkfall. **-i** *áhl* gera verkfall, vera í verkfalli, leggja niður vinnu. **-estraro** verkfallsnefnd, verkfallsstjórn.
-posteno verkfallsverðir. **-rajto** verkfallsréttur. **-rompanto** verkfallsbrjótur. **malsat-o** hungurverkfall.
mastro-o verkban. **sid-o** setuverkfall.
striknin/o striknín.
strikt/a 1 nærskorinn. 2 strangur, strangnákvæmur. **-aĵo** nærskorin þrjónaföt (á dansmey o.s.).
-eco strangleiki. **mal-a** laus.
string/i *áhr* kyrkja, kreista. **-o**, **-ado** kyrking. **-ilo** saumur (*lækn.*).
striptiz/o nektaratriði, nektardans.
stobil/o *gra* = **konuso** 2.
stroboskop/o eðl snúningssjá, snúðsjá. **-io** snúningssjárrannsókn, snúðsjárrannsókn.
strofi/o vísa, erindi. **-a** í erindum, sem skipt er í erindi/vísur.
strofant/o *gra* strófantus (suðrænn gróður) (*Strophanthus*). **-ino** efn strófantín.
strom/o *lfæ* uppistaða, uppistöðuvefur, uppistöðunet.
Strombol/o *ldf* Stromboli (ein Líparíeyja norðan Sikileyjar).
stronci/o efn strontíum, strontín (*Sr*).
stroncianit/o ste strontíumkarbónat.
struktur/o *vís* 1 samsetning, gerð. 2 bygging, smíði. 3 formgerð.
-a samsetningar-; formgerðar-; byggingarlegur. **-i** *áhr* byggja; setja saman. **-ismo** *vís* formgerðarstefna.
strum/o læk skjaldkirtilsauki, skjöldungsaunki, keppur; skjaldkirtill (= **kropo** 2). **-ito** keppbólga.
-ektomio keppnám, skjöldungsaukanám.
strut/o *dýr* strútur (*Struthio*). **-a** 1 strút(s)-. 2 sem þorir ekki að viðurkenna staðreyndir.
-oformaj strútar (*Struthioniformes*).
Stuart/oj sag Stúartætt.
stuc/i *áhr* gar klippa af, höggva af, skera af.
stud/i *áhr* 1 rannsaka, kynna sér. 2 nema, læra. 3 stunda nám. **-o**, **-ado** 1 rannsókn. 2 nám.
-o, **-aĵo** 1 áhugaefni; ástundunarefni. 2 rannsókn. **-ejo** lesstofa, kontór.
student/o stúdent. **-a** stúdenta-.
studi/o myndastofa; vinnustofa; upptökusalur.
stuf/i *áhr* sjóða (í luktum potti), sjóða í jafningi. **-aĵo** kjötjafningur. **-ujo** steikarpottur.
stuk/i *áhr* gipskalka. **-o** byg gips; gipskalk. **-ado** gipskölkun. **-aĵo** gipsskreyting, gipsþússning.
stult/a heimskur, bjánalegur, asnalegur, vitlaus. **-aĵo** vitleysa. **-eco** heimska, vitleysa. **-igi** gera heimskan.
-ulo heimskingi, bjáni, flón, asni.

- stumbli** *áhl* hrasa, hnjóta, skrika. -**o ská** 1 hrösun; glappaskot. 2 skáldaleyfi.
- stump/o** 1 stúfur, bútur, stubbur. 2 miði; tékkheftismiði (= **talono** 1). -**a** kubbslegur. -**eto** stubbur. -**igi** *ste* stýfa.
- stup/o** þéttihampur; strý. -**i áhr** troða þéttihamp í (e-ð). -**aĵo** strigi. -**hara** strýhærður.
- stupa/o** *trú* helgiskrín (búddatrúarmanna).
- stupor/o** *læk* 1 sinnuleysi, hugstol. 2 undrun. -**i áhl** vera sinnulaus; undrast.
- a** sinnulaus; forviða, þrumulostinn. -**iga** sljóvgandi.
- stupr/o** *lög* afmeyjun.
- sturg/o** *dýr* styrja (*Acipenser sturio*).
- sturm/i** *áhr* gera áhlaup á, taka með áhlaupi. -**o** áhlaup. -**antoj** 1 áhlaupssveit. 2 framherjar (= **avanuloj**).
- opaŝe** með áhlaupi, flughratt.
- sturn/o** *dýr* stari (*Sturnus vulgaris*).
- Stuttgart/o** *ldf* Stuttgart (borg í Þýskalandi).
- sub** undir, fyrir neðan. - **la formo de X** í líki (e-s). - **la nomo de X** undir nafninu X. - **seruro** undir lás.
- **via dispono** þér til reiðu. **meti ion - ies disponon** hafa e-ð handa e-m. - (**ordonoj de**) undir stjórn (e-s).
- **tiu kondiĉo** með því skilyrði. - **diktado de** af munni (e-s). -**a** neðri. -**e** undir, fyrir neðan, niðri. -**en** niður, ofan.
- aĵo** 1 undirlag. 2 fóður. 3 grundvöllur; baksýn. 4 undirrit. -**igi** 1 leggja undir. 2 undiroka, kúga.
- iĝi** setjast, sökkva niður. -**iĝo** *sig* köfun; lag. -**ulo** undirlægja; undirmaður. -**aĉeti** múta.
- akvigi** sökkva, kaffæra. -**akviĝi** fara í kaf. -**aŭskulti** *áhr* hlera, liggja á hleri. -**brako** handarkriki, holhönd.
- bruli** brenna hægt. -**diri** *áhr* hvísla, segja í hálfum hljóðum. -**dungiteco** starfsmannaskortur.
- forĝi** *áhr* járna (hest). -**jupo** nærkjóll, undirkjóll. -**kompreni** gefa í skyn. -**krii** *áhr* stynja upp.
- kuŝi** *áhr* liggja undir. -**leŭtenanto** undirlíðsforingi, undirlautinant. -**loĝata** of lítt byggður.
- mara** kaf-, neðansjárvar-. -**meti** *áhr* 1 leggja undir, setja undir. 2 setja skör lægra. -**nutrita** vannærður.
- oficiro** undirforingi. -**ordigi** setja undir, setja skör lægra. -**porti** *áhr* styðja; halda uppi. -**ridi** *áhl* hlæja lágt.
- rigardi** *áhl* kíkja, líta. -**skribi** *áhr* undirrita. -**tegmento** þakherbergi. -**teni** *áhr* styðja, styrkja. -**tera** neðanjarðar-.
- vestoj** nærföt. -**voĉe** í hálfum hljóðum, í lágum róm, lágt.
- subaltern/a** minni háttar, undirgefinn, lægri. -**ulo** undirlægja; undirforingi.
- suber/o** *gra* korkefni. -**ozo** *læk* ryklunga af völdum korkefnis.
- suberat/o** *efn* korkur. -**a acido** korksýra.
- suberit/o** súberít.
- subit/a** skyndilegur, óvæntur. -**e** skyndilega, allt í einu. -**eco** skyndileiki, snöggleiki.
- subjekt/o** 1 *mfr* frumlag, gerandi. 2 efni; viðfangsefni. 3 tilraunamaður. 4 *hei* huglag. 5 *læk* frumlagi.
- a** frumlags-.
- subjektiv/a** *hei* 1 huglægur, hugrænn. 2 hlutdrægur. -**eco** hlutdrægni. -**ismo** sjálfshyggja; afstæðiskenning.
- isto** sjálfshyggjumaður.
- subjunkci/o** *mfr* aukatenging.
- subjunktiv/o** *mfr* viðtengingarháttur.
- sublim/a** *nýy* háleitur, háfleygur, fagur. -**igi** *hei* 1 gera háleitan. 2 göfga. -**igo** göfgun.
- sublim/i** *áhr* *efn* eima. -**ado** eiming. -**iĝi** eimast. -**iĝa varmo** gufunarvarmi.
- sublimat/o** 1 kvikasilfurstvíklóríð. 2 eimað efni sem hefur þétt aftur.
- subliminal/a** *hei* neðanmarka.
- subret/o** *lei* þerna (í gamanleik).
- subskripci/i** *áhr* *hlj* skrifa sig fyrir.
- substanc/o** 1 efni. 2 kjarni. 3 *hei* hlutur; veruleiki. -**a** 1 efnis-; efnislegur. 2 raunhæfur. 3 verulegur; kjarngóður.
- sam-a** sömu veru. **trans-igado** *kap* eðlisbreyting.
- substantiv/o** *mfr* nafnorð. -**a** nafnorðs-. -**igi** breyta í nafnorð.
- substitu/i** *áhr* setja í staðinn fyrir, bæta upp. -**o** setning (e-s) í stað (annars), uppbót, úrbót.
- aĵo** varaefni, e-ð sem kemur í staðinn fyrir annað. -**ito** varamaður, staðgengill.
- substrat/o** *hei* *eðl* *efn* *mál* undirstaða, grunnur.
- subtil/a** *læk* 1 fínn, smáger, fingerður. 2 glöggur, nákvæmur, hárfínn. -**i áhl** rökleiða með hártogun.
- aĵo** smáatriði. -**eco** fínleiki, þynnka.
- subtrah/i** *áhr* *stæ* draga frá. -**o** frádráttur. -**ato** frádragari.

- subute/o** *dýr* = alaúdfalko.
- subvenci/o** (opinber) styrkur, fjárstyrkur. **-i** *áhr* styrkja opinberlega, veita (opinberan) styrk til (e-s).
- suĉli** *áhr* sjúga, soga. **-o**, **-ado** sog. **-igi** gefa að sjúga. **-ilo** *dýr tæk* sogpípa; sogskál; sogari.
- ek-i** *áhr* fara að sjúga. **el-i** *áhr* sjúga út; tæma. **en-i** *áhr* sjúga í sig. **fulmo-ilo** *rtæ* eldingavari.
- polvo-ilo** ryksuga. **sango-anto** **1** blóðsuga. **2** grimmdarseggur.
- sud/o** **1** suður, suðurátt. **2** suðurhéruð. **-a** **1** suður-, suðrænn. **la S-a Maro** Zuider Zee.
- la S-aj Maroj** Suðurrhöf. **2** sunnan-. **-e** fyrir sunnan. **-en** suður. **-ano** Sunnlendingur.
- isto** sag sunnanmaður (í Bandaríkjunum). **-ulo**, **-landano** Sunnlendingur. **-Afriko** Suður-Afríka.
- Ameriko**, **-ameriko** Suður-Ameríka. **-Atlantiko** Suður-Atlantshaf. **-Azio** Suður-Asía.
- Sud-Afrik/o**, **Sudafriko** *ldf* Suður-Afríka, Suður-Afríkúlýðveldið. **-a** suðurafrískur.
- Sudan/o** *ldf* Súdan (land í Norðaustur-Afríku. **-a** súdanskur.
- Sudgeorgi/o** *ldf* Suður-Georgía.
- Sudgeorgio kaj la Sudsandviĉaj Insuloj** Suður-Georgía og Suður-Sandvíkureyjar.
- Sud-Korei/o**, **Sud-Koreujo**, **Korea Respubliko** *ldf* Suður-Korea, Lýðveldið Kórea.
- Sud-Orienta Azio**, **Sudorientazio** *ldf* Suðaustur-Asía.
- Suda Aŭstralio** *ldf* Suður-Ástralía (eitt af sex fylkjum Ástralíu).
- Suda Dakoto** *ldf* Suður-Dakóta (fylki í Bandaríkjunum).
- Suda Karolino** *ldf* Suður-Karólína (fylki í Bandaríkjunum).
- Suda Kruco** *stj* Suðurröskinn (stjörnumerki).
- Suda Vjetnamio**, **Vjetnama respubliko** *ldf* Suður-Víetnam.
- Sudĉina Maro** *ldf* Suður-Kínahaf.
- Suetoni/o** *per* Svetóníus.
- Suez/o** *ldf* Súes, Súez (hafnarborg í Egyptalandi). **-a** Súes-, Súez-. **la -a Golfo** Súesflói, Súezflói.
- la -a Kanalo** Súesskurður, Súezskurður.
- sufer/i** *áhl* *áhr* þjást, þola; verða fyrir; bera. **-o** þjáningar, þrautir, kvalir. **-ado** þolni. **-ego** kvöl, pína, angist.
- eti** *áhl* vera illt. **-igi** **1** þjá, særa, hryggja. **2** láta kenna til. **-iga** leiðinlegur, fyrirhafnarmikill.
- into** sá sem þjáðst hefur. **sen-a** án þjáningar, þjáningarlaus. **tra-i** *áhr* þola, bera.
- sufiĉla** nægur, nægilegur. **-e** **1** nóg. **2** nógu. **3** heldur, frekar. **-i** *áhl* nægja. **-eco** gnægð, gnógleiki.
- ege** meira en nóg; kappnóg. **mem-a** **1** sjálfum sér nógur. **2** sjálfstæður. **ne-a** ónógur, ófullkominn. **ne-e** ónóg. **ne-eco** ónógleiki.
- sufiks/o** *mfr* viðskeyti. **-a** viðskeyta-. **-oido** viðskeyti er nota má sem sjálfstætt orð. **pseŭdo-o** gerviviðskeyti.
- sufle/o** *mat* eggjabúðingur.
- suflor/o** hvíslari (við sjónleik). **-i** *áhr* hvísla (í leiksýningu).
- sufok/i** *áhr* kyrkja, kæfa, kefja, bæla niður. **-a** kæfandi. **-ado** kæfing. **-iĝi** kafna. **-iĝo** köfnun.
- prem-i** *áhr* kyrkja.
- sufragan/o** *kri* aðstoðarbiskup, vígslubiskup.
- sufraĝet/o** kvenréttindakona.
- sufuz/i** *áhl* *lfe* (um blóð) hlaupa. **-o** marblettur, blæðingarblettur undir húð.
- sugesti/i** *áhr* **1** vekja athygli á, beina huga (e-s) að. **2** blása (e-m) í brjóst. **3** stinga upp á.
- o** bending, tillaga, uppástunga. **-a** hugmyndaríkur. **-a demando** leiðandi spurning.
- sugesti/o** **1** sefjun. **2** bending, tillaga, uppástunga. **-i** *áhr* *læk* **1** sefja. **2** vekja athygli á. **3** blása (e-m) í brjóst.
- 4** stinga upp á. **-ebla** *læk* sefnæmur.
- suicid/o** *lög* sjálfsmorð.
- suit/o** *tón* svíta.
- suk/o** **1** safi. **2** kjarni. **3** (slang) bensín; rafstraumur. **-a** safaríkur. **-eco** safaríki.
- plena** safamikill, safaprunginn. **sen-a** þurr, visnaður, safalaus. **sen-igi** *mat* þurrka.
- sen-iĝi** visna, skrælna, fölna. **-ligno** safaviður, rysja. **-streĉo** *gra* safapensla. **frukto-o** ávaxtasafi.
- kan-o** sykurreyrsafi. **lakt-o** *gra* gúmmísafi (= latekso).
- sukcen/o** raf. **-a** **1** úr rafi. **2** rafgulur, rafleitur. **-ato** súksínat. **-ata acido** súksínsýra.
- sukces/i** *áhl* heppnast, lánast, ganga vel, takast. **-o** gengi, heppni. **-a** heppinn, lánsamur, happasæll.
- mal-i** *áhl* bregðast, mistakast, falla. **mal-o** misheppnun. **sen-a** sem illa tekst/tókst.
- suker/o** *efn* sykur. **-a** sykur-, sykursætur; sætur. **-a diabeto** *læk* sykursýki. **-i** *áhr* sykra, gera sætan.
- aĵoj** sætindi. **-aĵejo** sætabrauðsbakarí, sætindabúð. **-ujo** sykurkar, sykurskál, sykurker.
- umi** *áhr* láta sykur á, sykra. **-peco** sykurmoli. **acer-o** hlynsykur. **bet-o** rófusykur. **kan-o** reyrsykur.
- palmo-o** pálmasykur.
- Sukr/o** *ldf* Sucre (borg í Bólivíu).
- sukroz/o** *efn* súkrósa.
- sukub/o** *kap* mara.

- sukulent/a** *gra* safamikill, kjötmikill.
- sukur/i** *áhr læk* veita skyndihjálp. **-ado** skyndihjálp. **-ejo** slysavarðstofa. **-ismo** skyndihjálparstofnun.
- isto** sjúkraliði.
- sul/o** *dýr súla* (*Sula bessana*).
- Sulaves/o** (*áður Celebeso*) *ldf* Súlavesí (eyja í Indónesíu). **-a Maro** Súlavesíhaf.
- sulf/o** *efn* (stytting, = **sulfuro** í samsettum orðum). **-ato** súlfat. **-a acido** brennisteinssýra. **-ito** súlfít.
- ita acido** brennisteinssýrlingur. **-ido** súlfíð. **-ida acido** brennisteinsvetni. **-inato** súlfín.
- in(at)a acido** súlfínsýra. **-amido** *læk* súlfalyf, súlfónamið.
- sulfo/** *efn* brennisteins-. **-cianido** (= **rodanido**, **rodanida acido**). **-ksilata acido** = **hiposulfita acido**.
- sulfon/o** *efn* súlfón.
- sulfur/o** *efn* brennisteinn (*S*) (*frumefni nr. 16*). **-a 1** brennisteins-.
- 2 bib** brennisteinskenndur, sem logar af brennisteini.
- i** *áhr* blanda brennisteini; verka með brennisteini, hreinsa með brennisteini.
- ado** hreinsun með brennisteini. **-ejo** brennisteinsnáma.
- sulk/o 1** plógfur. **2** skora, rák, hrukka. **3** renna, skor, gróp. **-i** *áhr* ýfa, hrukka. **-igi** verða hrukkóttur.
- mal-igi** hætta að vera hrukkóttur. **tra-i** *áhr* (um skip) plægja. **rad-o**, **voj-o** hjólfur, vanavegur.
- Sull/o** *per* Súlla.
- Sulpici/o** *per* Sulpicius.
- sultan/o** *inn* soldán; keisari. **-ejo** soldánsríki. **-ino** soldánsfrú.
- Sulua maro**, **Sulumaro** *ldf* Súluhaf (hafsvæði í Suðaustur_Asíu).
- sum/o** *stæ 1* niðurstöðutala. **2** upphæð, summa; fjárupphæð. **3** summa summarum. **4** framkvæmi.
- e** alls, samtals, að samtölu. **-igi** leggja saman. **re-i s. resumi**.
- sumak/o** *gra* brennimjólk (*Rhus*). **-o venena** eitureik (*Rhus radicans*).
- Sumatr/o** *ldf* Súmatra (eyja í Indónesíu).
- Sumer/o** *sag* Súmer, Súmeraland. **-a** súmerskur. **-ano** Súmeri.
- sun/o 1** *stj* sól, sunna. **2** sól, hjól (flugeldur). **-a 1** sól-, sólar-. **2** sólbjartur, sólskins-. **-as** *áhl* sólin skín.
- umi** *áhr* sóla, láta sólina skína á. **sen-a** sólarlaus. **-frapo** sólstunga.
- Sun Jatsen** *per* Sun Yat Sen.
- sunalo** *trú* súnnítatrú. **-ismo** súnnítadeild. **-isto** súnníti.
- Sund/o** *ldf 1* Eyrarsund (milli Danmerkur og Svíþjóðar). **2** Sundasund (sund milli Súmötru og Jövu).
- aj Insuloj** Súndaeyjar (sunnan Malakkaskaga). **-a lingvo** *mál* súndíska (töluð í Indónesíu).
- Suomi/o**, **Suomujo** *inn* Finnland.
- sup/o** súpa. **-ujo** (stór) súpuskál, tarína.
- supe/o** kvöldverður, náttverður.
- super** *mfr* yfir, fyrir ofan. **-a bif 1** yfir-, æðri, efri, hærri, fremri. **2** fyrsta flokks. **3** ónæmur.
- i** *áhr* skara fram úr; vera fremri, taka fram. **-ajo** yfirburðir. **-eco** ágæti, yfirburðir. **-ega** æðstur, frábær.
- emo** kappgirnir; keppni. **-ulo 1** yfirmaður; yfirboðari. **2** klausturstjóri. **mal-a** lægri, óæðri, lakari.
- mal-eco** lægri staða; minnimáttur. **ne-ebla** óyfirstíganlegur, ósigrandi.
- abunda** yfrið nógur, meira en nógur, kappnógur. **-akvi** *áhr* flæða yfir. **-belo** frábær feegurð.
- brili** *áhr* skína með meiri ljóma en. **-elstari** *áhl* gnæfa yfir. **-flua 1** yfirflæðandi. **2** ofgnógur, óþarfur.
- forti** *áhr* sigrast á; bera ofurlíði. **-homo** ofurmenni. **-intendant** umsjónarmaður, forstöðumaður. **-jaro** hlaupár.
- krii** *áhr* kalla hærra en. **-loqateco** fólksfjöldavandamál. **-natura** yfirnáttúrulegur, dulrænn. **-nutrado** ofóðrun.
- pasi** *áhr* skara fram úr. **-pendi** *áhr* hanga fram yfir; vofa yfir. **-produktado** offramleiðsla.
- regi** *áhr* ráða yfir, ríkja yfir, drottna yfir. **-resto** það sem eftir er. **-ruzi** *áhr* leika á, snúa á.
- saĝi** *áhr* taka fram vísdóms vegna; leika á. **-saturi** *áhr* yfirmetta. **-signo** lesmerki yfir staf.
- stari** *áhr* mæna yfir, yfirgnæfa. **-sarĝo** ofhleðsla. **-tago** hlaupársdagur, innskotsdagur. **-takso** ofmat.
- Super/a** *ldf* **Supra Lago**, **Supera Lago** *ldf* Miklavatn, Efravatn, Superiorvatn (í Bandaríkjunum).
- superb/a** *ská* ágætur, frábær; glæsilegur.
- superlativ/o** *mfr* efsta stig, hástig.
- supermarkt/o** = **superbazaro**.
- superstiĉ/o** *trú* hjátrú. **-a** hjátrúar-; hjátrúarfullur.
- supin/i** *áhr* snúa lófunum upp. **-ado** það að snúa lófunum upp.
- atoro** *lfæ* réttverfingarvöðvi, réttverfandi vöðvi.
- supin/o** *mfr* sagnbót.
- supl/a** *nýy* sveigjanlegur, mjúkur, liðugur. **-eco** liðugleiki.
- suplement/o** *mfr* *stæ 1* viðauki. **2** viðbætur. **3** frændhorn, fyllingarhorn. **-a** viðauka-.
- supoz/i** *áhr 1* ætla, hyggja, halda, búast við. **2** gera ráð fyrir. **3** setja svo (að ...). **-o** ráðagerð.
- a** sem gert er ráð fyrir. **-e**, **ke** setjum svo að. **-ebla** sem má gera ráð fyrir, sem búast má við.
- eble** líklega, sennilega. **-igi** benda til.

- supozitori/o** *lyf* still, stikkpilla. **vagina -o** skeiðarstill (= **ovoido**).
- supr/e** *mfr* **1** uppi. **2** að ofan, hér að framan. **-en** upp, að neðan, neðan frá. **-a** efri. **-o** efsti hluti, tindur, toppur.
- aĵo** yfirborð. **-aĵa** yfirborðs-, yfirborðslegur, grunnfær. **-aĵe** á yfirborðinu, yfirborðslega.
- iĝi** koma upp að yfirborðinu. **ĉi-e** að ofan. **ĝis-e** til efsta stigs. **mal-e** niðri. **mal-e de** fyrir neðan. **mal-en** niður. **mal-a** neðri. **plej-a** hæstur, efstur, æðstur. *Ath.* nota má **-en** og **mal-en** sem forskeyti, t.d. **-engrimpi** *áhl* klifra upp. **-eniri** *áhl* fara upp, ganga upp. **-enĵeti** *áhr* henda upp (í loftið). **-enrigardi** *áhl* horfa upp.
- ensalti** *áhl* hoppa upp, stökkva upp. **mal-engrimpi** *áhl* klifra niður. **mal-eniri** *áhl* fara niður.
- mal-enflug** *áhl* fljúga niður. **mal-ependi** *áhl* hanga niður.
- suprem/o** *stæ* efra mark.
- sur** *mfr* **1** á. **2** (um stað, með nefnifalli) (uppi) á. **3** (um stað með þolfalli) (upp) á. **4** við. **5** yfir. *meti atenton - ion:* gefa gaum að e-u. **-iri monton** fara á fjall. **-meti veston** fara í fót. **-vango** kinnhestur.
- sur/o** *lfæ* kálfi.
- sura/o** *trú* súra, kafli (í Kóran).
- surd/a** **1** *læk* heyrnarlaus. **2** skeytingarlaus. **3** daufur. **-eco** **1** heyrnarleysi, heyrnardeyfð. **2** deyfð.
- igi** **1** gera heyrnarlausan. **2** deyfa. **-iĝi** verða heyrnarlaus. **-ulo** daufur maður, heyrnleysingi.
- surf/o** brim. **-otablo** *ĵpr* brimfjöl.
- surfaco** *rúm* yfirborð; flatarmál. **-a** yfirborðs-, yfirborðslegur. **-a tensio** yfirborðsspenna. **-aĵo** yfirborð.
- amplekso** flötur. **hejt-o** hitaflötur. **rul-o** slitlag (á hjólbarða).
- Surinam/o** *ldf* Súrínam (land á norðausturströnd Suður-Ameríku. **-a** súrínamskur. **-ano** Súrínami.
- surmulet/o** *dýr* sæskeggur (*Mullus surmuletus*).
- surogat/o** líki (t.d. smjörlíki), gervivara.
- surplis/o** *kri* rykkilín.
- surprizi** *áhr* **1** koma (e-m) á óvart. **2** gera hissa. **-o** **1** undrun. **2** eitthvað óvænt.
- a** óvæntur, sem kemur á óvart; furðulegur. **-e** furðulega; á óvart. **-iĝi** undrast, verða hissa.
- surtut/o** yfirhöfn. **nokto-o** morgunsloppur (karlmanns).
- Susan/o** *per* Súsanna.
- suscept/o -iva** næmur sjúkdómum.
- susceptanc/o** *eðl* launleiðni, þverleiðni.
- susceptibl/a** *eðl* seglanlegur, segulmagnanlegur.
- suspekt/i** *áhr* gruna (e-n), tortryggja. **-o** grunur, grunsemd, tortryggni. **-a** tortryggilegur, grunsamlegur.
- ema** tortrygginn. **-emeco** tortryggni. **-igi** leggja undir grun, leiða grun að. **-inda** vafasamur.
- ne-ebla** hafinn yfir grun. **sen-e** grunlaust.
- suspend/i** *áhr* *lög* stöðva; fresta, fella úr gildi um sinn. **-o** stöðvun, frestur.
- suspens/o** *kvi* spenna.
- suspensio** **1** *vél* fjöðrun. **2** *efn* kvoða, dreifing. **-aĵo** *vél* *efn* svifefni; fljótandi efni.
- suspensor/o = suspensorio.**
- suspensori/o** *læk* lyftiband, dragreim, helda, lyftir (einkum punghelda, pungband). **-a** heldu-, lyfti-.
- suspir/i** *áhl* andvarpa. **-o** andvarp.
- susur/i** *áhl* suða, niða, skráfa. **-ado** skráf, suða, suð, niður.
- suŝi/o** *mat* sushi.
- sutan/o** *inn* hempa.
- sutr/o** *trú* **1** (í fornritum brahmatrúarmanna) heilræði, heilræðasafn.
- 2** (í fornritum búddatrúarmanna) trúarrit í bundnu máli.
- sutur/o** **1** *læk* saumur; sárasaumur. **2** *lfæ* samskeyting (beina). **-i** *áhr* sauma saman (skurð).
- ero** saumþráður (á sári).
- suveren/o** **1** konungur; einvaldur. **2** (enskt) gullpund. **-a** *lög* fullvalda, óháður, sjálfstæður. **-eco** *lög* fullveldi.
- Suz/o** *sag* Súsa (forn borg í Elam). **-io** Súsahérað.
- suzeren/o** *inn* yfirlénsherra.
- svag/a** *ská* ógreinilegur, óljós.
- svahil/o** *inn* svahílí (bantúmál talað í Tansaníu, Úganda og Kenía og víðar.).
- Svalbard/o** *ldf* Svalbarði (eyjaklasi í Norður-Íshafi undir stjórn Noregs).

- svarm/i** *áhl* **1** úa og grúa. **2** þyrpast. **-o** **1** grúi, sægur, sveimur. **2** býflugnasveimur.
- ado** það að úa og grúa. **ek-i** *áhl* mora (**per** = af). **-amaso da abeloj** býflugnasveimur (Dan. 14:8).
- svastik/o** trú hakakross.
- svat/i** *áhr* biðja (stúlku). **-ado** hjúskaparmiðlun. **-anto** sá sem alltaf er að reyna að gifta fólk.
- iĝi pri** biðla, biðja um hönd (e-rar). **-isto** hjúskaparmiðlari. **-agentejo** hjúskaparmiðlun.
- Svaziland/o, Svaziio, Svaziujo** *ldf* Svasíland, Esvatíní (konungsríki í sunnanverðri Afríku).
- sved/o** *per* Svíi. **-a** sænskur. **S-io, S-ujo, S-lando** *ldf* Svíþjóð, Svíaríki.
- svelt/a** *nýy* grannur, spengilegur.
- sven/i** *áhl* **1** falla í yfirlið, líða í ómegin. **2** hverfa. **-o** **1** óvit, yfirlið, ómegin. **2** það að hverfa.
- e** í ómegin; óljóst. **-igi** láta falla í yfirlið.
- sveter/o** klæ ullarpeysa, lopapeysa.
- sving/i** *áhr* sveifla, veifa, dingla. **-o** *tón* **1** sveifla. **2** sving. **3** sláttur. **-ado** sveiflun. **-iĝi** dingla, rugga, velta.
- iĝo** rugg. **-ilo** **1** kólfur (í klukku). **2** dingull. **3** dælubulla, dælukólfur. **4** róla. **-boato** rólubátur, hringekjubátur.
- ek-i** *áhr* fara að sveifla. **el-i** *áhr* snúa úr.
- svis/o** *per* Svisslendingur. **-a** svissneskur. **S-io, S-ujo, S-lando** *ldf* Sviss.

- Ŝ, ŝ** *mfr* 23. bókstafur esperanto-stafrófsins.
ŝ/o *mfr* *ess* með hatti (heiti bókstafsins ŝ).
ŝablon/o 1 snið, form, fyrirmynd. 2 stensill. 3 útjaskað orð. 4 steypuprent. -a 1 steypuprentaður. 2 fastur, óbreyttur. -e að fastri venju.
ŝaduf/o *inn* vökvunarfata.
ŝaf/o *dýr* kind, sauðkind. -a 1 sauðarlegur, kindarlegur, fjár-. 2 vandræðalegur. -e eins og kind.
-aĵo *mat* kindakjöt, sauðakjöt. -aro 1 hjörð, flokkur. 2 kirkjusöfnuður. -ejo kvíar. -ido lamb.
Ŝafido de Dio Guðs lamb. -ino ær, rolla. -isto fjárhirðir, sauðamaður. -femuraĵo, -klabo sauðarlæri.
-ripaĵo sauðarhryggur. -rostaĵo kindasteik. vir-o hrútur.
Ŝaf/o *stj* Hruturinn (stjörnumerki).
ŝaft/o vél ás, öxull (í vél). -ingo hjólnöf. kam-o kambás. kranko-o sveifarás.
ŝagrin/o valskinn. -i *áhr* súta eins og valskinn. -isto valskinnssúтари.
ŝah/o Íranskeisari.
ŝajn/i *áhl* líta út, sýnast, virðast vera. -o svipur, útlit. -a sem sýnist vera, sýnilegur. -e 1 að því er virðist, 2 líklega. -igi þykjast, látast, gera sér (e-ð) upp. -igo, -igado viðbára, látalæti, fyrirsáttur. -iga uppgerðar-
ver-a líklegur, sennilegur. ver-e líklega, sennilega.
ŝak/o skák. -oj skáktafla. -a tafl-, skák-. -i *áhl* standa í skák. -igi skáka. -ludo skákleikur. ŝak! skák!
-peco taflmaður. -tabulo taflborð, skákborð. hibrida -o tvinnskák.
ŝakal/o *dýr* sjakali (*Canis aureus*). -e eins og sjakali.
Ŝakjamuni/o *inn* Sjakjamuni (annað nafn Gotamo).
ŝakr/i *áhr* okra, manga. -isto okrari, mangari.
ŝakt/o *byg* 1 námubrunnur, (lóðrétt) námugöng. 2 stokkur. aer-o loftstokkur. rub-o sorpreña.
ŝakti/o *trú* kvenkyns hindúaguðir.
ŝal/o sjal, herðadúkur. -eto hálsklútur (kvenna).
ŝalm/o 1 smalapípa, hjarðpípa. pajno-o panflauta, hjarðflauta. sak-o sekkjapípa. 2 drykkjarrör.
suĉ-o drykkjarrör. 3 tæk lóðlampi. 4 gra = kulmo.
ŝalot/o gra = askalono.
ŝalt/i *áhr* rtæ kveikja, kveikja á. -o kveiking. -ejo kveikingarstofa. -ilo rofi, kveikjari, straumskiptir.
-otabulo, -opanelo mælaborð. el-i *áhr*, mal-i *áhr* slökkva. mem-ilo sjálfvirkur rofi.
ŝalup/o sig slúpur, slúffa.
ŝam/o 1 gemsuleður. 2 þvottaleður, vaskaskinn. -igi gera að þvottaleðri.
ŝaman/o *trú* særingamaður. -ismo særingamennska, særingatrú.
Ŝampinjon/o = ĉampinjono.
ŝampu/o hárpvottalögur, sjampó. -i *áhr* þvo hárið á, þvo um hárið.
ŝanc/o tækifæri, möguleiki, líkindi. -a sem gerist af tilviljun. bon-o heppni, lán. dube-a tvísýnn, vafasamur.
ŝancell/i *áhr* 1 hrista, hreyfa til. 2 grafa undan e-u, draga mátt úr e-u. -o hristingur.
-iĝi 1 riða, skjögra. 2 velta. 3 vera á báðum áttum. -iĝo 1 riða, titringur, skjálfti. 2 velta. 3 úrræðaleysi.
-iĝema óráðinn, hikandi, á báðum áttum. ne-ebila einbeittur, óhikandi.
ŝanel/o *sjó* áll (í á eða sundi).
ŝanĝ/i *áhr* tæk 1 skipta um. 2 breyta, skipta. -o 1 skipting, breyting. 2 vöruskipti. -a breytilegur.
-ado skipti, umskipti. -ebila breytanlegur. -iĝi breytast. -iĝo breyting. -iĝema hverflyndur, óstöðugur, hvikull.
-iĝemeco hverflyndi, óstöðugleiki. -ilo tæk 1 straumbreytir. 2 sporskiptir. -inda skiptilegur. -isto víxlari.
inter-i *áhr* skiptast á. inter-o skipti. inter-a skipta-. inter-ebila skiptanlegur, sem skipta má á. sen-a óbreyttur.
ne-ebila óbreytanlegur. deĵor-o her skipti. har-o hárskipti. haŭt-o hamskipti. plum-o fjaðraskipti.
lun-o tunglskipti. mon-o gjaldeyrisviðskipti.
Ŝanhaj/o *ldf* Sjanghæ (hafnarborg í Kína).
ŝankr/o læk sár, særi. mola -o linsæri. duriĝinta -o harðsæri.
ŝarad/o samstöfugáta (e.k. orðagáta).
Ŝarazad/o bók Sjarasad.
ŝarg/i *áhr* hlaða (byssu, myndavél), hlaða upp (rafgeymi). -o hleðsla. -ado hleðsla, það að hlaða.
-anco eðl hleðsla, hleðslumagn. -iĝi hlaðast, verða hlaðinn. -ilo 1 skothylkjaband. 2 snældu, kasetta.

- ujo** skothólf (í byssu). -**ostango** krassi, þjappi. **mal-i áhr 1** skjóta, hleypa af. **2** afhlaða (rafgeymi). **mal-o** niðurfall, frárennsli. **mal-iĝi** afhlaðast. **mal-ilo** eðl afhlaðari, afhleðslutæki. **mal-otubo** eðl afhleðslupípa. **re-i áhr** hlaða (upp) aftur. **sen-igi** afhlaða (byssu). **sen-a** óhlaðinn. **ses-a** sex skota.
- Ŝarĝi** *áhr 1* hlaða (skip o.s.frv.). **2** leggja byrði á. **3** íþyngja, vera einhverjum til byrði. -**o 1** byrði. **2** hleðsla, hlass, farmur, fylli. **3** álag. -**a** örðugur, þungbær. -**aĵo** hlass, farmur, fylli, hleðsla.
- isto** burðarmaður, flutningsaðili, farmflytjandi. -**atoro** grafa. -**okapablo** burðarþol, burðargeta, lestatal.
- linio** sig hleðslumark (á skipi). **el-i áhr** afhlaða (vörur). **mal-i áhr** afferma, losa. **sen-igi** leysa undan. **super-i áhr** leggja of mikið á, ofhlaða. **super-o** yfirvigt. **trans-i áhr** umskipa, flytja af einu farartæki á annað. **tro-i áhr** ofhlaða.
- Ŝari/o** *ldf* Chari-fljót (í Miðbaugs-Afríku).
- Ŝarif/o 1** (arabískur) höfðingi. **2** aðalsmaður í Mekka.
- Ŝark/o** *dýr* hákarl (*Carcharias*). **glaŭka -o** mannætuhákarl, mannæta (*Carcharias glaucus*).
- Ŝaron/o** *ldf* Saronvellir (frjósöm slétta í Ísrael).
- Ŝat/i áhr** meta mikils, þykja gott, falla vel, hafa í hávegum. -**o** mat, virðing. -**ateco** vinsæld.
- inda** ágætur, dásamlegur. **mal-i áhr** fyrirliða, meta að engu, forsmá, lítilsvirða. **mal-o** fyrirliðingur.
- mal-a** lítilsvirðandi, niðrandi. **mal-inda** þýðingarlítil, fyrirliðingur. **mem-ema** sjálfbyrginn.
- mis-i, sub-i áhr** lítilsmeta.
- Ŝaum/o** froða, löður. -**a** froðu-, froðugur. -**i áhl 1** freyða. **2** froðufella. -**ado** vella, ólga, suða.
- igi** láta freyða, láta gjósa. **dis-iĝi** verða að engu. **sen-igi** fleyta, veiða froðu ofan af. **mar-o** merskúm, sæfrouð.
- Ŝeĉalo** *inn* Saba. -**ismo** Sabamannatrú, sabismi.
- Ŝed/o** *hús* skýli, kofi. **apog-o, duon-o** skúr, skýli (á vegg hússins).
- Ŝeĥem/o** *inn* Síkem (að fornu borg í Ísrael, nú Nablus í Palestínu).
- Ŝejk/o** arabahöfðingi, sjeik.
- Ŝekl/o** *tæk* krókur, hlekkur.
- Ŝekspir/o** *per* Shakespeare. -**a** Shakespeare-, Shakespeares.
- Ŝel/o 1** *gra* börkur. **2** *gra* skurn, hýði. **3** *dýr* skel. **4** belgur. **5** *sig flu* (skips)skrokkur.
- a** barkar-, skurn-, hýðis-, skeljar-. -**aĵo** ytra lag, hylki. -**eto** hamur, hýði, skán. -**besto** skeldýr.
- el-igi 1** afhýða. **2** flysja skurn. **3** taka úr skeljum. **4** afhjúpa. **el-iĝi** klekjast út. **en-e** í skurninni.
- sen-igi 1** afhýða, birkja, taka börk af, skræla. **2 = elŝeligi.** **sen-iĝi** verða birtur. **sem-o** *gra* fræbelgur.
- Ŝelak/o** gljálakk, skellakk.
- Ŝelk/o 1** axlabönd. **2** hlýri. **sen-a** hlýralaus, án hlýra. -**ego** ól.
- Ŝem/o** *bib* Sem.
- Ŝenopraz/o** *gra* graslaukur (*Allium schœnoprasmum*).
- Ŝeol/o** *trú* helja.
- Ŝer/o** *inn* sker.
- Ŝerc/i áhl** gera að gamni sínu, spauga. -**i pri** spauga um. -**o** gaman, fyndni, spaug. -**a** spaugs-.
- ema** gamansamur, fyndinn. **sen-e** í fullri alvöru.
- Ŝere/o** *inn* sérrí, sherry.
- Ŝerif/o 1** (í Englandi) sýslumaður, fógeti. **2** (í Bandaríkjunum) lögreglustjóri.
- Ŝerp/o** *per* sherpi.
- Ŝetland/oj** *ldf* Hjaltland, Hjaltlandseyjar. -**a** hjaltlenskur.
- Ŝeŭceriacoj** *gra* sefblómsætt (*Scheuchzeriaceæ*).
- Ŝeviot/o** *klæ* sífjót, sevjot.
- Ŝi** *mfr* hún. -**a** hennar.
- Ŝibolet/o** *bib 1* sjibbólet. **2** próforð.
- Ŝijajsm/o** *trú* sjjatrú.
- Ŝijaist/o** *trú* Sjíti.
- Ŝik/a** snotur, háttprúður.
- Ŝillo** *inn* Síló.
- Ŝild/o 1** skjöldur. **2** skilti. **3** hlíf, hlífiskjöldur. -**isto** skjaldsveinn. -**ofako** skjaldarhólf. -**oforma** skjaldarlagi.
- blazon-o** skjaldarmerkisskjöldur. **brust-o** brjósthlíf.
- Ŝiling/o** skildingur, shilling.
- Ŝiller/o** *per* Schiller (þýskt skáld).
- Ŝiloaĥ** *bib* Silóa.
- Ŝim/i áhl 1** mygla. **2** hjara, lifa aðgerðarlaus. -**o** *gra* mygla. **griza -o** grámygla. -**a** myglaður.

-**ajo** mygla, myglulag. -**igi** gera myglaðan. -**iĝi** mygla, verða myglaður. **kontraŭ-ajo** myglulyf, fúkkalyf, fúkalyf. **foli-o** mjölsveppur.

Ŝimŝon/o *bib* Samson.

ŝind/o þakspónn.

ŝink/o svínslæri. -**eto** svínsfótur. -**opano** svínslærisamlokur.

ŝinto/o sjintó, sjintótrú. -**isto** sjintótrúarmaður.

ŝip/o 1 skip. 2 geimfar. -**a** skips-. -**e** með skipi. -**i** *áhl* 1 fara með skipi. 2 *áhr* senda með skipi, flytja með skipi. -**ano** sjómaður, háseti. -**anaro** áhöfn, skipshöfn. -**aro** floti. -**estro** skipstjóri. -**eto** bátur.

-**isto** farmaður, stýrimaður. -**beko** skipstrjóna. -**ekipisto** fargagnakaupmaður, skipshandlari.

-**farejo** skipasmíðastöð. -**irado** sjóferð. -**irebla** skipgengur. -**riparejo** slippur. -**rompi** *áhl* verða skipreika.

-**rompaĵo** skipsflak, skipreki. -**rompiĝo** skipbrot. -**servi** *áhl* þjóna á skipi. -**servisto** skipsþjónn.

el-ejo landgöngubryggja. **el-iĝi** fara í land. **en-iĝifara** um borð. **per-i** *áhr* flytja með skipi. **sur-e** um borð.

trans-iĝifara yfir með skipi. **aer-o** loftskip, loftfar. **aviadil-o** flugvélamóðurskip, flugstöðvarskip.

balen-o hvalveiðiskip. **batal-o** orustuskip. **bord-o** strandferðaskip. **cistern-o** tankskip, olúflutningaskip.

drag-o dýpkunarskip. **fantom-o** draugaskip. **flag-o** flaggskip. **hospital-o** spítalaskip. **karg-o** flutningaskip.

komerc-o kaupskip. **krozo-o** beitiskip. **lum-o** vitaskip. **plezur-o** skemmtiferðaskip, skemmtiskip.

poŝt-o póstskaup. **pram-o** ferja. **pun-o** fangaskip. **rad-o** hjólaskip. **rem-o** galeiða, stór róðrabátur.

sklav-o þrælaskip. **spac-o** geimfar, geimskip. **submar-o** kafbátur. **trajn-o** lestarferja.

transport-o herflutningaskip. **trejn-o** æfingaskip, skólaskip, kennsluskip. **tren-o** dráttarskip, dráttarbátur.

vapor-o gufuskip. **vel-o** seglskip.

ŝirl/i *áhr* 1 rífa, slíta. 2 tína (blóm). -**o**, **ado** rif, rífa. -**o**, -**ajo** rífa, sprunga. -**eto** smárífa. -**iĝi** rifna, slitna.

-**peco** tuska, drusla, dula. **de-i** *áhr* 1 rífa af, slíta af. 2 rífa burt, slíta upp. 3 tína.

dis-i *áhr* rífa í sundur, tæta í sundur. **dis-iĝi** slitna í sundur, rifna í sundur. **el-i** *áhr* 1 draga út. 2 rífa úr.

el-iĝi rífast upp. **for-i** *áhr* rífa frá. **kor-a(nta)** sárbitur, nístandi, hjartsár. **rad-i** *áhr* stegla.

ŝirm/i *áhr* eðl hlífa, skýla. -**o** 1 skjól. 2 forsæla, skýli, hæli. -**a** verndar-, varnar-.

-**ado** *útv* vernd, skjól, hlíf, skýli. -**ejo** hæli, fylgsni, hlé, skjól, afdrep. -**ilo** hlíf, skermur. -**ita** verndaður, í hléi.

mal-i *áhr* stofna í hættu, afhjúpa. **ne-ita** varnarlaus, óvarinn, hlífðarlaus, skjóllaus.

sen-a hlífðarlaus, skjóllaus. **cindro-ilo** hlífðargrind. **ĉen-ilo** keðjukassi. **fajro-ilo** aringrind. **fal-ilo** fallhlíf.

gut-ilo hjóhlíf. **jup-ilo** pilshlíf. **kandel-ilo** kertisskermur. **kol-ilo** hálslín, spaðar. **kot-ilo** hjóhlíf, aurhlíf.

krur-ilo legghlíf. **lamp-ilo** lampaskermur. **lum-ilo** ljóshlíf. **man-ilo** handhlíf (á skylmingasverði).

manik-ilo ermálín. **okul-ilo** augnhlíf. **polv-ilo** hjóhlíf, skítbretti. **son-ilo** *útv fja* hjóðhlíf. **sun-ilo** sóltjald.

vent-ilo *bif* 1 vindskjól, vindhlíf. 2 framrúða (á farartæki). **vent-ilo** *bif* vindhlíf.

Ŝivo *trú* Sjíva (eyðandinn í guðaprenningu hindúasiðar). -**ismo** sjívadýrkun. (Sjá einnig **Brahmao**, **Viŝnuo**).

Ŝiva/o = **Ŝivo**.

ŝkop/o *sig* ausa. -**i** *áhr* 1 ausa. 2 raka saman (peningum).

ŝkot/o *sig* skaut, kló.

ŝlem/o slemm. **granda -o** alslemm. **malgranda -o** háfslemm.

Ŝlesvig/o *ldf* Slésvík (hafnarborg í Norður-Þýskalandi). - **Holstinio** Slésvík-Holtsetaland, Schleswig-Holstein.

ŝlif/i *áhr* skafa af, núa, slípa, brýna.

ŝlim/o leðja, eðja, for. -**a** forugur. -**i** *áhl* leggja niður leðju. -**ejo** mýri, fen. **en-iĝi** festast í mýri.

sen-igi hreinsa með botnsköfu.

ŝlos/i *áhr* 1 læsa. 2 loka inni. -**o**, -**ado** læsing, lokun. -**ilo** *hús kaþ her tæk* 1 lykill. 2 lokasteinn.

-**ila** lykil-. -**ilaro** lyklakippa. -**ilujo** lyklaveski. -**ilvorto** lykilorð. **ĉef-ilo** aðallykill. **en-i** *áhr* loka inni,

læsa inni. **mal-i** *áhr* 1 ljúka upp, opna. 2 veita (e-um) frelsi, frelsa. **mal-o**, **mal-ado** lausn.

ĉefec-ilo esperanto-lykill. **ŝraŭb-ilo** *tæk* skruflykill.

ŝmac/i *áhl* smjatta, kjamsa, kyssa með smelli. -**o** rembingsskoss. -**ado** smellur.

ŝmink/o andlitslitur, farði. -**i** *áhr* farða, mála. -**ado** förðun.

ŝmir/i *áhr* smyrja, bera á. -**a** 1 fitugur. 2 mæðarfullur. -**o**, -**ado** *kri* smurning.

la lasta -o *kri* síðasta smurning. -**ajo** smurfeiti, smur(nings)olía, smyrsl. -**ilo** smurkanna, áburðarbörg.

-**isto** 1 smyrjari. 2 klessumálari. **bel-ajo** fegrunarlyf.

ŝnur/o *lfæ* 1 reipi, snúra, strengur. 2 = kordo. -**i** *áhr* reima, binda. -**ado** binding. -**aro** kaðlar, kaðalreiði.

-**ego** kaðall. -**egaro** reiði. -**ero** þáttur (í snúru, kaðli o.s.frv.). -**eto** garn, snæri. -**isto** kaðlari.

-umi *áhr rtæ fja* tvinna, snúa saman. -umo tvinning. **kun-i áhr íþr** binda saman með reipi. **sen-igi** leysa. **brul-o** tundurpípa. **bu-o** kló. **ĵet-o** kastlína. **kapto-o** kastsnara. **lig-o** sig stafnfesti, skipsfesti. **pak-o** seglgarn. **pied-o** fótstrengur. **plumb-o** sig lóðlína. **rekto-o** mælismúra, mæливаður. **salto-o** sippuband. **sav-o** líflína. **sekig-o** þvottasnúra, fatasnúra. **stir-oj** stýristaumur. **tir-o, tren-o** dráttarkaðall. **umbelika -o** naflastrengur. **ŝofor/o** bílstjóri.

ŝoĥt/i áhr inn slátra (eftir reglum gyðinga). -**isto** slátrari (sem er gyðingur).

ŝok/i áhr læk 1 vekja viðbjóð (e-s), hneyksla, ganga fram af (e-m). **2** valda taugaáfalli.

-**o læk 1** hneykslun. **2** taugaáfall, lost. -**a** hneykslandi. **elektro-o** læk raflost.

ŝopen/o per Chopin.

ŝorbet/o mat svaladrykkur (í austurlöndum).

ŝort/o klæ stuttbuxur.

ŝos/o gra teinungur, angi, vísir. -**i áhl** spíra, láta vaxa spírur.

ŝose/o þjóðvegur, akvegur. **aŭto-o** hraðbraut. -**a** þjóðvegur-, akvegur-.

ŝot/o íþr *ldf* skot. -**i áhl** skjóta (í knattspyrnu).

ŝov/i áhr ýta, hrinda, stinga. -**o** ýting, hrinding. -**ebla** færanlegur, hreyfanlegur, breytanlegur.

-**igi** renna, líða, skriða. -**igo, -igado** skrið. **al-i áhr** færa. **de-i áhr** vísa (e-m) frá, senda burt, vísa frá sér.

dis-i áhr breiða út, greina í sundur. **el-i áhr 1** reka út (úr sér). **2** leiða í ljós. **sin el-i** koma í ljós.

en-i áhr færa inn, setja inn, stinga inn. **en-igi áhr** ryðja sér inn. **for-i áhr** flytja burt, flytja í annan stað. **kun-i áhr 1** draga fyrir (tjald). **2** hnykla (brýrnar), hleypa (brúnum). **preter-igi** líða frá. **sub-i áhr** gabba, svíkja.

sur-i áhr smeygja sér í. **tra-i áhr** færa í gegnum. **sin tra-i, tra-igi** færast í gegnum.

trans-i áhr fél sál 1 flytja aftur til ættlandsins. **2** gera gagnúð. **trans-o sál** gagnúð, yfirfærsla.

trans-ado það að flytja aftur til ættlandsins.

ŝovel/i áhr sig 1 moka. **2** ausa. -**ado 1** mokstur. **2** austur. -**ilo** skófla, reka. -**maŝino** grafa.

for-i áhr moka ofan af.

ŝovinism/o þjóðremba, þjóðrembingur, þjóðskrum.

ŝovinst/o maður fullur af þjóðrembingi, þjóðskrumari.

ŝpal/o byg jár þvertré (einkum undir járnbrautarteinum).

ŝpar/i áhr spara. -**a** spar-. -**o, -ado** sparnaður. -**aĵo** sparifé. -**ema** sparsamur. -**igi** spara.

mal-i áhr eyða, sóa. **mal-ado** eyðsla, sóun. **mal-ema** eyðslusamur. **mal-ulo** eyðslubelgur, eyðsluseggur. **tro-ema** nískur.

ŝpat/o bún her sig **1** reka, skófla, spaði. **2** akkerisfleinn, akkerisflaug.

-**i áhr** grafa með reku, grafa með spaða.

ŝpic/o snjaldurhundur (= Pomerhundo).

ŝpin/i áhr dýr **1** spinna. **2** mala (um kött) (= ronroni). **3** segja (sögu). -**ado** spuni.

-**aĵo 1** spuni, spunninn þráður. **2** vefur. **2 = ŝpinfasko.** -**ejo** spunaverksmiðja. -**igi** spinnast.

-**ilo 1** (hand)snælda. **2 = spindelo.** -**ileto** spunavarta. -**ilforma** snældulaga. -**itaĵo** garn.

-**bastono** hörbrúða (= konuklo). -**fasko** snúrur, strengir. -**mastro** eigandi spunaverksmiðju.

-**maŝino** spunavél. -**rado** spunarokkur.

ŝpros/o byg þvertré (í glugga), gluggastafur.

ŝspruci/i áhl 1 spýtast, gjósa, gusast. **2** verða til, koma upp, spretta upp. -**a** gjósandi.

-**o, -ado** gos, það að gjósa. -**aĵo 1** buna, gusa, strókur. **2** uppkoma. -**igi** sletta, skvetta, láta buna, sprauta.

-**igilo** úðari, úðabyssa, úðasprauta, sprauta. **dis-i áhl** slettast á, skvettast á. **el-i áhl** gjósa.

en-igi tæk læk 1 hleypa inn í, dæla inn í. **2** skola, vökva. **en-igo** vökvun, skolun, innhelling.

en-ilo skolkanna, dælukanna. **for-igi** hreinsa (með vökva). **for-igilo** skolunartæki. **re-i áhl** gjósa aftur á bak.

sur-igi sletta á, stökkva (vatni) á, vökva, úða.

